

Skýrsla

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði

Úttekt á starfsemi fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti



Bragi Guðmundsson
Trausti Þorsteinsson

Gát sf.
2014

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði
Úttekt á starfsemi fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneyti

Gát sf

© Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2014.
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði. Úttekt.
Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti.
Mynd á kápu fengin af heimasíðu Flensborgarskólans.

ISBN 978-9935-436-26-9

Heildarmat

- Flensborgarskólinn var upphaflega stofnaður sem barnaskóli árið 1877. Öld síðar var honum breytt í fjölbrautaskóla með sérstökum samningi milli menntamálaráðuneytis og Hafnarfjarðarkaupstaðar. Sama ár útskrifast fyrstu stúdentarnir frá skólanum. Skólinn starfar samkvæmt áfangakerfi og er nánast hreinn bóknámsskóli.
- Húsnæði skólans er byggt á löngum tíma, það er mishentugt, m.a. vegna langra göngu-leiða og þess að hæðarmunur er víða á milli gólfa, en fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.
- Þörf er á að gaumgæfa tölvumál skólans og vinna að úrbótum því sammæli flestra sem við var rætt er að búnaðurinn sé úreltur, netþjónar óstöðugir, kerfið hægfara og net-samband ekki nægilega gott.
- Skólinn er fjölmennur vinnustaður með rúmlega 800 nemendum og 89 starfsmönnum sem skiptast á tæp 78 stöðugildi. Fjórðungur starfsmannahópsins eru karlar og þrír fjórðu konur. Kennarar eru með góða menntun og kenna flestir í sínum sérgreinum.
- Skólanámskrá er skipulega byggð og tekur á flestum þáttum er lög og aðalnámskrá kveða á um. Skólinn hefur skýr markmið og vel skilgreinda framtíðarsýn. Stefnuskjöl skólans eru markviss og aðgengileg.
- Skólinn glímir við rekstrarerfiðleika sem illa hefur gengið að vinna bug á. Skýringarnar eru sagðar kjarasamningsbundnar launahækkunar, hár meðalaldur kennara, mikil langtímaveikindi starfsmanna, rekstur starfsbrautar, kostnaður við þróun og innleiðingu *Heilsueflandi framhaldsskóla* og hækkunar á vörum, orku og aðkeyptri þjónustu.
- Flensborgarskóli hefur lýðræðislega stjórnunaruppbyggingu og þess er gætt að allir hagsmunaaðilar eða fulltrúar þeirra hafi tækifæri til að koma að ákvörðunum.
- Yfirstjórn skólans er fjölskipaðri en venja er til í framhaldsskólum af svipaðri gerð og stærð. Önnur stjórnendastörf eru einnig mörg og í starfsmannaskrá er tæplega fimmtungur starfsmanna með stjórnendaheiti af einhverju tagi. Fundir eru margir.
- Kennslugreinar eru margar og með ólíkar áherslur og kennsluhættir mismunandi. Kennsluáferðir hafa það að markmiði að hvetja nemendur til náms og rækta eiginleika hvers og eins. Þær eru sagðar fjölbreyttar en námsmat er tiltölulega einhæft. Vilji er til að draga úr prófaáherslu og nýta tímann fremur til náms og kennslu.
- Nemendum líður vel í skólanum. Þeir eru ánægðir með veru sína þar og segjast stoltir af því að vera Flensborgarar. Starfsmenn eru sömu skoðunar og eru almennt ánægðir í starfi, líður vel og telja góðan skólabrag ríkja.
- Skólinn hefur að markmiði að bjóða nám fyrir fjölbreyttan hóp nemenda. Í ljósi þessa hefur hann byggt upp stöðkerfi þar sem reynt er að aðstoða nemendur sem eiga við námslega, félagslega, geðræna eða annars konar örðugleika að etja.
- Reglubundið er unnið að innra mati í samræmi við lög. Matið samanstendur af könnunum sem lagðar eru fyrir nemendur og kennara auk áfangamats og starfsmannasamtala. Á grundvelli matsins eru gerðar umbóta- og starfsþróunaráætlanir en ábyrgð á framkvæmd þeirra er oft óljós.
- Foreldraráð starfar við Flensborgarskólann samkvæmt lögum.

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	7
2	Flensborgarskólinn í Hafnarfirði	8
2.1	Húsnæði og aðbúnaður	8
2.2	Hlutverk og stefna.....	9
2.3	Starfsmannastefna	9
2.4	Jafnréttisáætlun	10
2.5	Umhverfisstefna.....	11
2.6	Heilsueflandi framhaldsskóli	11
2.7	Bókasafn	12
2.8	Mötuneyti.....	12
2.9	Viðbrögð við einelti	12
2.10	Forvarnir	13
2.11	Öryggisáætlun.....	13
2.12	Tölvur og upplýsingatækni	14
2.13	Námsráðgjöf.....	14
2.14	Mat úttektaraðila	14
3	Nám og kennsla	16
3.1	Skólanámskrá.....	16
3.2	Námsbrautir.....	16
3.3	Kennsluhættir.....	18
3.3.1	Námsmat	19
3.4	Fjarnám	19
3.5	Umbóta- og þróunarverkefni.....	19
3.6	Mat úttektaraðila	20
4	Nemendur	21
4.1	Umsjón.....	23
4.2	Fjarvistir og brottfall	24
4.3	Nemendur með sérþarfir	25
4.3.1	Nemendaverndarráð	25
4.3.2	Starfsbraut	26
4.4	Afreksfólk í íþróttum	26
4.5	Nemendur af erlendum uppruna	27
4.6	Nemendafélag	27
4.7	Mat úttektaraðila	28
5	Mannauður.....	29
5.1	Starfsmannavelta.....	29
5.2	Forföll og forfallakennsla	31
5.3	Móttaka nýliða	31
5.4	Starfsþróun.....	31
5.5	Mat úttektaraðila	32
6	Stjórnun og rekstur	33
6.1	Skólanefnd	35
6.2	Skólaráð	35
6.3	Starfsmannafundir.....	36
6.4	Rekstur skólans	36
6.5	Mat úttektaraðila	37
7	Skólabragur og samskipti	38
7.1	Kór Flensborgarskólans	38

7.2	Heilsueflandi framhaldsskóli	38
7.3	Mat úttektaraðila	39
8	Innra mat.....	40
8.1	Starfsmannasamtöl.....	41
8.2	Mat úttektaraðila	41
9	Foreldrasamstarf og ytri tengsl	42
9.1	Ytri tengsl.....	42
9.2	Mat úttektaraðila	43
10	Niðurstöður.....	44
10.1	Styrkleikar og veikleikar.....	46
10.2	Aðgerðir	47
11	Heimildir.....	48

Tölur

Tafla 1: Námsbrautir og fjöldi nemenda eftir kynjum.	17
Tafla 2: Fjöldi innritaðra nemenda 15. jan. og 15. sept., skipt eftir árgöngum og kynjum.	22
Tafla 3: Umsóknir um skólavist og innritun nýnema á haustönn 2013.	22
Tafla 4: Störf og fjöldi starfa með tilliti til kynja.	29
Tafla 5: Menntun kennara.	29
Tafla 6: Starfsmannavelta í Flensborgarskóla 2008–2012.	30

Myndir

Mynd 1: Launaröðun eftir kynjum skv. launakerfi Flensborgarskóla.	11
Mynd 2: Fjöldi námshópa eftir fjölda nemenda 2013.	17
Mynd 3: Fjöldi ársnemenda í Flensborgarskóla 2007–2011.	21
Mynd 4: Hlutfall karla og kvenna í nemendahópi Flensborgarskóla 2007–2011.	21
Mynd 5: Fjöldi nemenda eftir búsetu.	23
Mynd 6: Mætingar og fjarvistir sem hlutfall af heildarfjölda kennslustunda vor 2013.	24
Mynd 7: Starfsaldur kennara.	30
Mynd 8: Aldur framhaldsskólakennara haust 2011 og kennara í Flensborg haust 2012.	30
Mynd 9: Skipurit Flensborgarskóla.	33

1 Inngangur

Textinn sem hér fer á eftir geymir niðurstöður úttektar á starfsemi Flensborgarskólans í Hafnarfirði í samræmi við fyrirmæli gildandi laga og erindisbréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins til úttektaraðila, dagsett 15. október 2013. Við úttektina er jafnframt litið til *Aðalnámskrár framhaldsskóla*, 2004 og 2011, og reglugerða eftir því sem við á.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Braga Guðmundssyni, prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, og Trausta Þorsteinssyni, dósent við sama svið og skóla, að gera úttektina. Í erindisbréfi ráðuneytisins var verkefnið skilgreint sem „úttekt á ... dagskóla, fjarnámi, og dreifnámi, sjálfstæðu mati á þáttum sem teknir eru út, gerð tillagna um úrbætur og skýrslu um verkefnið.“ Að auki var úttektaraðilum falið að horfa sérstaklega til eftirfarandi þátta: Stjórnunar og reksturs, skólanámskrár, náms og kennslu, innra mats, skólabrags og samskipta, samstarfs við foreldra og nemenda með sérþarfir. Meginkaflaskipan skýrslunnar fylgir í öllum aðalatriðum þessum fyrirmælum ráðuneytisins. Að lokinni grunnupplýsingagjöf innan hvers kafla þar sem leitast er við að draga upp mynd af viðfangsefninu kemur mat úttektaraðila og bent er á leiðir til úrbóta þar sem þeirra er þörf. Stutt samantekt er fremst í skýrslunni.

Gagnaöflun fór fram með þrennum hætti: Fyrst var heimasíða skólans könnuð og þangað sóttar upplýsingar um skipulag hans og starfsemi. Að því búnu var óskað upplýsinga um tiltekin atriði með bréfi til skólameistara, dagsett 8. nóvember 2013 (fylgiskjal 1). Við þeim óskum var brugðist fúslega en ákveðið var að heimsókn úttektaraðila biði fram yfir áramót. Af henni varð 20.–21. janúar 2014 Markmiðið var að kynna skólanum og skólastarfinu af eigin raun og taka ítarleg viðtöl við hlutaðeigandi. Í þessum viðtölum var stuðst við viðtalsramma og voru þau öll hljóðrituð með góðfúslegu leyfi viðmælenda. Viðtöl voru tekin við: Skólameistara, formann skólanefndar, aðstoðarskólameistara og áfangastjóra, fjármála- stjóra, skrifstofustjóra og mannauðsstjóra, forstöðumann bókasafns, námsráðgjafa, mætinga- stjóra og sérkennsluráðgjafa, sviðsstjóra og fjarnámsstjóra, forstöðumann starfsbrautar, formann foreldraráðs, umsjónarmann fasteigna, tölvuumsjónarmann, forstöðumann mötu- neytis og þjónustustjóra. Auk þess voru tekin rýnivíðtöl við hópa kennara og nemenda auk stjórnar nemendafélagsins, forvarnarfulltrúa og félagslífskennara. Samtals 44 einstaklinga.

Óskað var liðsinnis formanns nemendafélagsins við tilnefningu nemenda í rýnihópa og trúnaðarmanns kennara um val á kennurum í rýnihópa. Nánari upplýsingar um gögn að baki skýrslunni eru í heimildaskrá. Úttektaraðilar þakka öllum þeim sem þátt tóku í rýnihópum, veittu viðtöl og aðstoð með öðrum hætti við gagnaöflun.

2 Flensborgarskólinn í Hafnarfirði

Flensborgarskólinn (Flb) var upphaflega stofnaður sem barnaskóli árið 1877 en var breytt í „alþýðu- og gagnfræðaskóla“ fimm árum síðar, árið 1882, og við það ártal hefur aldur hans oftast verið miðaður. Séra Þórarinn Böðvarsson, prófastur á Görðum á Álftanesi, stofnaði skólann og keypti undir hann gamalt verslunarhús við sunnanverðan Hafnarfjörð. Þar höfðu upphaflega verslað kaupmenn frá Flensborg á Suður-Jótlandi og staðurinn í daglegu tali kallaður Flensborg. Af því kemur heiti skólans sem hefur haldist þótt hann hafi flust til og er nú á Hamarskotstúni.

Um 1970 voru stofnaðar framhaldsdeildir við skólann og árið 1975 var honum formlega breytt í fjölbrautaskóla með sérstökum samningi milli menntamálaráðuneytisins og Hafnarfjarðarkaupstaðar. Sama ár brautskráðust fyrstu nýstúdentarnir. Frá 1981 hefur Flb eingöngu verið framhaldsskóli.¹ Um langt árabíl var starfrækt öldungadeild við skólann og Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði var á sínum tíma deild innan hans.²

Skólinn starfar samkvæmt áfangakerfi og er nánast hreinn bóknámsskóli. Fréttabréf með upplýsingum um daglegt starf og viðburði framundan er gefið út nokkrum sinnum á önn og birt á heimasíðu skólans.³

Einkunnarorð Flensborgarskólans eru þekking – þjálfun – þroski⁴ og eiga þau jafnt við um nemendur og starfsmenn skólans.

Miklar breytingar urðu á yfirstjórn Flensborgarskólans árið 2013. Magnús Þorkelsson tók við sem skólameistari, þáverandi áfangastjóri tók við starfi aðstoðarskólameistara og nýr áfangastjóri var ráðinn skólanum. Í samtölum við skólameistara kom fram að ný yfirstjórn hafi haft skamman tíma til að setja mark sitt á skólastarfið en ríkur vilji sé til að gera ákveðnar breytingar í ljósi mikilla þrenginga í rekstri skólans.

2.1 Húsnæði og aðbúnaður

Flensborgarskólinn stendur á Hamrinum í Hafnarfirði og hefur þar til umráða þrjú samtengd hús. Elsta húsið, Brekka, var tekið í notkun haustið 1937, það næsta, Miðhús, var reist á árunum 1972–1974 en hið þriðja, Hamar, 2005–2006. Í því er aðalsamkomusalur skólans, Hamarssalur, sem jafnframt er matsalur nemenda og starfsfólks. Þar er rúmgott og hátt til lofts. Íþróttakennsla fer fram í Íþróttahúsinu við Strandgötu.⁵

Skólahúsin eru innbyrðis ólík og eðli máls samkvæmt er hvert um sig barn síns tíma. Mikill kostur er að innangengt er um allar byggingarnar en hæðarmunur er víða og því bæði um langa ganga og marga stiga að fara. Lyftur eru nokkrar til þess að bæta aðgengi fyrir hreyfihamlaða og auðvelða umhirðu. Umgengni er víðast góð og skólinn vel þrífinn.

Kennarar hafa vinnuaðstöðu á þremur stöðum. Tölvutengingar eru lélegar í vinnurýmnum og veldur það margvíslegum vandkvæðum. Kaffistofa kennara er aðlaðandi.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar miklar úrbætur á húsnæði skólans og það virðist fullnægjandi til þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

¹ *Saga Flensborgarskólans*. [Án árs].

² *Flensborgarskólinn í Hafnarfirði*. [Án árs].

³ *Flensborgarfréttir*. [Án árs].

⁴ *Markmið Flensborgarskólans*. [Án árs].

⁵ *Skólanámskrá: námsvísir: almennur hluti*. (2013).

2.2 Hlutverk og stefna

Á heimasíðu Flensborgarskólans er sagt að markmið hans séu:

- að efla þekkingu, færni og hæfni nemenda og starfsfólks og stuðla að víðsýni og frumkvæði ásamt gagnrýnni og skapandi hugsun,
- að búa nemendur undir frekara nám,
- að bjóða nám fyrir fjölbreyttan nemendahóp með sveigjanleika í námshraða,
- að efla sjálfsmynd og sjálfsþekkingu nemenda og styðja þá í vali á námsleiðum með upplýsingum og markvissri ráðgjöf,
- að auka sjálfstæði og ábyrgð nemenda gagnvart ákvörðunum og gjörðum er varða líf þeirra og störf,
- að gegna hlutverki í nærsamfélaginu,
- að vera heilsueflandi framhaldsskóli í líkama og anda,
- að undirbúa nemendur undir þátttöku í lýðræðislegu og fjölbreyttu samfélagi,
- að vera vel rekinn með jákvæðni og framsækni að leiðarljósi, þar sem fagmennska einkennir öll störf ásamt gagnsæi og skýrum verkferlum,
- að efla með nemendum hugmyndir um sjálfbærni og ábyrgð gagnvart umhverfi sínu og sjálfum sér,
- að vera eftirsóknarverður og jákvæður vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk,
- að vera þekkingarmiðstöð þar sem reynsla okkar getur orðið öðrum innan skólans sem utan til stuðnings og leiðsagnar.⁶

Þessari stefnumörkun er fylgt eftir með skilgreindri framtíðarsýn. Þar segir að skólinn sé leiðandi framhaldsskóli sem veiti nemendum bestu tækifæri til þekkingaröflunar, þjálfunar og þroska. Meginhlutverk hans sé að búa nemendur sem best undir frekara nám á háskólastigi jafnframt því að veita haldgóða almenna menntun sem nýtist í daglegu lífi og starfi. Þá segir að í skólanum sé boðin „persónuleg þjónusta, öruggt námsumhverfi, forysta í tækni og nýjungum og kennslu og lögð er áhersla á að hann sé eftirsóknarverður vinnustaður nemenda, kennara og annarra starfsmanna.“ Þessari sýn er lokað með því að segja að Flb sé „mikilvægur hlekkur í menningar- og íþróttalífi Hafnarfjarðar.“⁷

2.3 Starfsmannastefna

Starfsmannastefna Flensborgarskólans er birt í skólanámskrá ásamt nokkrum öðrum stefnuskjölum. Í henni segir að lykill að árangri sé að skólinn hafi yfir að ráða hæfu og vel menntuðu starfsfólki sem geti axlað ábyrgð og sýnt frumkvæði í starfi. Síðan segir að það sé stefna skólans að:

- Ráða áhugasamt, traust og vel menntað starfsfólk og haga stjórnun og vinnu þannig að hæfileikar, dugnaður og frumkvæði hvers og eins fái notið sín.
- Nýir starfsmenn fái strax nægilega aðstoð til að takast á við starfið og þeir geri sér strax fulla grein fyrir hlutverki sínu, ábyrgð og tengslum við aðra starfsmenn.
- Allir leggi sitt af mörkum til að efla góðan starfsanda, m.a. með gagnkvæmri virðingu, sanngirni og hjálpsæmi.
- Veita starfsfólki svigrúm til að sinna tilrauna- og þróunarstarfi, námsefnisgerð og nýjungum.
- Hvetja til og stuðla að símenntun. Leiðbeinendur eru hvattir til að afla sér kennsluréttinda.
- Möguleikar til starfsframa séu jafnir óháð kyni, aldri, trúarbrögðum eða litarhætti.
- Séð verði til þess að starfsmenn fái hvatningu og umbun fyrir vel unnin störf.
- Nota starfsmannasamtöl til þess að stuðla að starfsþróun og starfsánægju.
- Leggja kapp á markvissa upplýsingagjöf til starfsmanna með tölvupósti og fundum.

⁶ Markmið Flensborgarskólans. [Án árs].

⁷ Framtíðarsýn Flensborgarskólans. [Án árs].

- Gefa starfsmönnum, sem þess óska, kost á sveigjanlegum vinnutíma eftir föngum.
- Tryggja eins góða og heilsusamlega vinnuáðstöðu og unnt er.
- Eiga gott samstarf við starfsmannafélag skólans og stéttarfélög og hafa samráð við trúnaðarmenn um ákvarðanir sem snerta vinnuáðstöðu og kjaramál.⁸

2.4 Jafnréttisáætlun

Í jafnréttisáætlun Flb er fjallað um skólann sem vinnustað og sem menntastofnun. Þá er umfjöllun um kynferðislega áreitni hluti áætlunarinnar sem er ætlað að stuðla að jafnri stöðu og virðingu kvenna og karla innan skólans. Helstu áhersluatriði eru eftirfarandi:

- Allar mikilvægar ákvarðanir, er varða starfsfólk, skulu metnar frá jafnréttissjónarmiði.
- Konur og karlar skulu hafa jafnan rétt til launa og starfa.
- Bæði kyn skulu njóta starfsþjálfunar og endurmenntunar að jöfnu.
- Allt starfslið skólans skal ávallt halda vöku sinni í jafnréttismálum.
- Leggja skal áherslu á jafnréttissjónarmið í allri kennslu.
- Nemendur af báðum kynjum komi fram fyrir hönd skólans og nemendur séu meðvitaðir um gildi jafnræðis kynjanna í allri starfsemi nemendafélagsins.
- Kynferðisleg eða kynbundin áreitni er ekki liðin. Allir nemendur og starfsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki slíkri áreitni.

Í áætluninni eru skilgreindir ferlar sem nemendur og starfsfólk skulu fylgja ef viðkomandi telur sig hafa orðið fyrir kynbundinni áreitni af einhverju tagi.⁹


Rafræn spurningakönnun var gerð meðal starfsfólks um stöðu jafnréttismála í febrúar 2012. Svör við spurningum sem lúta að samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs eru mjög jákvæð, svör við spurningum um jafna möguleika kynjanna til símenntunar og starfsframa eru það einnig en aðeins 48,2% svara því til að hlutfall karla og kvenna í stjórnendahópnum sé í samræmi við kynjahlutfall starfsmanna og 22,2% eru því beinlínis ósammála. Allmikið hik er í svörum við þremur spurningum um launamál og jafnræði milli kynjanna hvað þau varðar. Rúmur fjórðungur kýs þar valkostinn „hvorki né“, 47,3–58,2% segja að jafnræði sé á vinnustaðnum en hæst fer neikvæð svörin í 20% þegar spurt er hvort jafnræðis sé gætt við skiptingu yfirvinnu.¹⁰

Skólameistari segir að vera megi að þessi staða hafi verið uppi 2012 en gögn úr launakerfinu 2014 sýni annað (mynd 1). Kynferði hafi ekki áhrif við launaröðun og störf karla og kvenna verðmetist á sama hátt þegar um sömu störf sé að ræða. Hann reyni að gæta þess að yfirvinnu sé skipt sem jafnast og algjörlega án tillits til kynferðis. Stöku sinnum sé fastrí yfirvinnu skipt innan faghópa. Ef slíkt er gert og upp kemur grunur um að karlar séu frekir til fjörsins er gripið inn í og það hafi verið gert í vetur. Máli sínu til stuðnings vísar hann til myndar 1 sem sýnir hvernig 99 starfsmenn raðast í fjóra launahópa og hversu hátt hlutfall hvors kyns er í hverjum þeirra.

⁸ Skólanámskrá: námsvísir: almennur hluti. (2013), bls. 19–20.

⁹ Sama heimild, bls. 18–19.

¹⁰ Einar Birgir Steinþórsson og Unnar Örn Þorsteinsson. (2012), bls. 6 og 30–32.



Mynd 1: Launaröðun eftir kynjum skv. launakerfi Flensborgarskóla.

Myndin sýnir hversu hátt hlutfall af heild raðast á hvert bil og hversu hátt hlutfall kvenna eða hversu hátt hlutfall karla raðast á hvert bil. Starfsmönnum er skipt í fjóra launahópa og kemur þá í ljós að meðal þeirra launahæstu eru 6% karlar og 18% konur. Ef tekið er tillit til heildarfjölda karla og kvenna í skólanum þá kemur í ljós að 19% allra karla í skólanum fellur í þennan hóp en 27% kvenna. Ef litið er á hinn endann, þ.e.a.s. lægst launaða hópinn má sjá að 12% þeirra sem í hópinn falla eru karlar og konur 13%. Það segir að af heildarfjölda karla í skólanum falla 38% þeirra í þennan hóp en 19% kvenna. Aftur á móti er hlutfallslegur fjöldi kvenna í næstlægsta hópnum hærri en karla.

2.5 Umhverfisstefna

Flensborgarskólinn hefur markað sér skýra umhverfisstefnu og birtir hana í skólanámskrá. Þar segir að meginmarkmið stefnunnar sé að stuðla að sjálfbærri þróun á sem flestum sviðum. Til að vinna að því markmiði eru skilgreind þrettán skref sem lúta meðal annars að fræðslu til starfsmanna sem nemenda; hvatningu til allra hlutaðeigandi að lágmarka bílanotkun; lágmarkun á úrgangsmýndun og flokkun sorps; innkaupum á umhverfisvænum vörum; eyðingu spilliefna; takmörkun á orku- og vatnsnotkun; snyrtimennsku innan húss sem utan; heilsusamlegum og öruggum starfsskilyrðum. Þá segir að stefnt skuli að kennslu í umhverfisfræðum og að taka upp umhverfisvöktun og fá umhverfisvottun í náinni framtíð.¹¹

2.6 Heilsueflandi framhaldsskóli

Eitt af meginmörkum Flensborgarskólans er áhersla hans á heilsueflingu undir merkjum verkefnisins *Heilsueflandi framhaldsskóli* í samstarfi við Embætti landlæknis. Um þessa áherslu er fjallað í skólanámskrá en jafnframt hefur verkefnið sérstakt vefsvæði á heimasíðu skólans.¹² Í námskránni er verkefninu lýst með eftirfarandi hætti:

Markmiðið með verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli er að stuðla markvisst að bættri velferð og heilsu nemenda og starfsfólks. Enda hafa rannsóknir sýnt að heilsueflandi umhverfi bætir

¹¹ Sama heimild, bls. 20.

¹² *Flensborgarskólinn er heilsueflandi framhaldsskóli*. [Án árs].

líðan nemenda og stuðlar að betri násmárangri. Með þessu er megináhersla lögð á fjóra þætti: næringu, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl. Eitt viðfangsefni er tekið fyrir á hverju ári þannig að þegar nemandi útskrifast að fjórum árum liðnum hefur hann fengið haldbæra þekkingu á hollum lífsháttum og tækifæri til að tileinka sér þá.¹³

Í stýrihópi innan skóla sitja forvarnarfulltrúi, félagslífsfulltrúi, skólameistari, aðstoðar-skólameistari og mannauðsstjóri.

Skólinn hefur hlotið eftirfarandi viðurkenningar vegna þessa verkefnis:

- Gullmerki (tvisvar sinnum) fyrir næringarþáttinn.
- Gulleplið fyrir vinnu sína og framlag til verkefnisins.
- Gullviðurkenningu fyrir þemaár hreyfingar.¹⁴
- Gullmerki fyrir geðrækt.

Í sjálfsmatskýrslu 2011–2012 kemur fram að 80% nemenda telja að verkefnið *Heilsueflandi framhaldsskóli* hafi mikil eða í meðallagi mikil jákvæð áhrif á ímynd skólans en tæp 8% telja ekki að það hafi nein áhrif.¹⁵ – Nánar er fjallað um þetta verkefni í kafla 7.2.

2.7 Bókasafn

Bókasafn Flensborgarskóla er meira en einnar aldar gamalt því upphaflega hóf það starfsemi sína veturinn 1893–1894. Nafn þess var þá Bókasafn Skinfaxa og umsjón þess var í höndum nemenda sem borguðu til þess ákveðna fjárhæð árlega. Á fimmta áratug síðustu aldar var safninu lokað en eftir 1970 var það tekið upp úr kössum að nýju og hefur starfað samfelld síðan. Það er búið miklum og góðum bókakosti.

Hlutverk bókasafnsins er að veita nemendum alhliða aðstoð í upplýsingaöflun og stuðla að upplýsingalæsi og sjálfstæðum vinnubrögðum við leit og úrvinnslu heimilda, óháð formi þeirra. Allir nýnemar eru skráðir í útlánakerfið þegar kennsla hefst og nemendur geta ætíð leitað aðstoðar hjá starfsmönnum við heimildaleitir og annað er varðar upplýsingar og nám.¹⁶

2.8 Mötuneyti

Í aðalsal skólans, Hamarssal, er mötuneyti nemenda og kennara. Það starfar í samræmi við stefnu Flb um heilsueflandi framhaldsskóla og er opið á skóladögum frá morgni fram til kl. 14:20. Verðskrá fyrir nemendur er birt á heimasíðu skólans.¹⁷ Auk mötuneytisins er sérstök kaffistofa fyrir starfsmenn sem þeir annast sjálfir.¹⁸

Að sögn mötuneytisstjóra hafa nemendur minni fjármuni á milli handanna nú en fyrir hrún og það kemur fram í minni viðskiptum. Áður voru 700–800 afgreiðslur til nemenda á dag en eru nú um 600.

2.9 Viðbrögð við einelti

Ítarleg viðbragðsáætlun gegn einelti og hvers kyns ofbeldi er á heimasíðu Flb. Þar segir að einelti og ofbeldi sé ekki liðið og skilgreint er hvað í hugtökunum felst. Ferlið er í stuttu máli þannig að ef grunur vaknar um einelti skal hafa samband við umsjónarkennara, námsráðgjafa eða skólastjórnendur. Allar ábendingar ber að kanna til hlítar og unnið er með þær í trúnaði sé þess óskað.

¹³ *Skólanámskrá: námsvísir: almennur hluti*. (2013), bls. 20–21.

¹⁴ *Ársskýrsla 2012*. (2013), bls. 7.

¹⁵ Einar Birgir Steinþórsson og Unnar Örn Þorsteinsson. (2012).

¹⁶ *Bókasafn Flensborgarskólans*. [Án árs].

¹⁷ *Mötuneyti Flensborgarskólans*. (2014).

¹⁸ *Nýliðahandbók veturinn 2013 til 2014*. (2013).

Meginmarkmið áætlunarinnar eru að til sé skilvirkt ferli sem sé öllum ljóst og upplýsingar um það séu aðgengilegar. Einnig er áætluninni ætlað að stuðla að forvörnum og jákvæðum samskiptum.¹⁹

2.10 Forvarnir

Flensborgarskólinn vill vinna að heilbrigðum lifnaðarháttum og jákvæðri lífssýn nemenda. Á heimasíðu skólans eru annars vegar birtar reglur hans varðandi tóbak, áfengi og fíkniefni og hins vegar reglur sem gilda á böllum. Inntak þeirra felst í reglusemi og greint er frá viðurlögum við brotum. Til þess að fylgja stefnumiðunum eftir starfar sérstakur forvarnarfulltrúi og eru hlutverk hans skilgreind á eftirfarandi hátt:

- Hann er í forsvari fyrir stefnumörkun og framkvæmd forvarna með það að markmiði að flétta forvarnir sem mest inn í daglegt líf í skólanum.
- Hann situr í nemendaverndarráði.
- Hann stendur fyrir námskeiðum og fræðslu fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn.
- Hann tekur á mótí ábendingum ef grunur er um vímuefnanotkun nemenda og vinnur úr þeim í samráði við nemendaverndarráð.
- Hann leitast við að efla fjölbreytt félagslíf innan skóla með nemendum og félagsmálafulltrúa með heilbrigða lífshætti að leiðarljósi.
- Hann er alltaf viðstaddur á dansleikjum á vegum nemendafélagsins og öðrum stórviðburðum í skemmtanálífi nemenda þegar því verður við komið.
- Hann tekur viðtal við þá nema sem teknir eru undir áhrifum á skemmtunum á vegum skólans.
- Hann hefur fastan vikulegan viðtalstíma.
- Hann leitar eftir öflugum samstarfi við nemendafélag, námsráðgjafa, félagsmálafulltrúa, bæjaryfirvöld, lögreglu, aðra forvarnarfulltrúa og fagaðila utan skólans.
- Hann sækir fræðslunámskeið og fyrirlestra um efni sem tengist starfinu.
- Hann skrifar skýrslu í lok skólaárs um starf vetrarins.²⁰

Stýrihópur *Heilsueflandi framhaldsskóla* er bakhópur forvarnarfulltrúa og jafnframt stýrihópur forvarna í skólanum.

2.11 Öryggisáætlun

Í skólanámskrá er sett er fram viðbragðsáætlun vegna áfalla (alvarleg slys, veikindi eða andlát nemenda eða starfsfólks) og öryggisáætlun fyrir skólann. Þar segir að verkstjórn sé í höndum öryggisnefndar en nemendaverndarráð sér um að koma upplýsingum til nemenda og starfsfólks eftir því sem við á. Skólameistari situr bæði í öryggisnefnd og nemendaverndarráði og kallar aðila saman þegar þörf krefur. Hann aflar nauðsynlegra upplýsinga, tekur ákvarðanir og sér um samskipti við fjölmiðla ef til kemur. Sé skólameistari ekki til staðar tekur staðgengill hans við.

Öryggishandbók starfsmanna er á vef skólans. Í henni er skilgreint hvernig bregðast skuli við áföllum og hvaða hlutverkum hver gegnir.²¹ Allir starfsmenn eiga að þekkja öryggisáætlunina og vita hvernig bregðast skuli við hættuástandi í skólahúsnæðinu. Stefnt er að því að æfa rýmingu húsa einu sinni á skólaári.

Í öryggisnefnd sitja umsjónarmaður fasteigna, þjónustustjóri, mannauðsstjóri og fulltrúi starfsfólks auk skólameistara.

¹⁹ *Viðbragðsáætlun gegn einelti og hverskyns ofbeldi.* [Án árs].

²⁰ *Forvarnir.* [Án árs].

²¹ *Öryggismál.* [Án árs].

2.12 Tölvur og upplýsingatækni

Í skólanum er þráðlaust netkerfi og allar kennslustofur eru búnar tölvu og skjávarpa. Þá eru þrjár sérstakar tölvustofur og eitt opið rými, tölvutorg, til nota fyrir nemendur.²² Reglur um tölvunotkun í Flb eru í skólanámskrá. Megininntak þeirra er að ganga skal vel um töl og tæki og nota búnaðinn í námstilgangi. Nokkrar reglnanna fjalla um það sem óheimilt er að gera, viðurlög eru nefnd og sagt er til um að vefsvæði sé lokað að liðnum tilteknum tíma frá því nemandi hættir í skólanum.²³

Innan skóla er einn starfsmaður í hálfu starfi til að hugsa um tölvukerfið en að öðru leyti er þjónustan sótt til fyrirtækis utan hans. Sammæli flestra er að búnaðurinn sé úreltur um margt, t.d. eru netþjónar óstöðugir, kerfið hægfara og netsamband ekki nægilega gott. Líklega er starfsbrautin einna lakast sett því þangað eru, að sögn starfsmanna, settar tölvur sem hætt er að nota annars staðar. Að sögn skólameistara er þar um að ræða gjafatölvur sem skólanum áskotnuðust frá fyrirtæki í bænum, lítið notaðar er þær voru afhentar og þóttu á þeim tíma öflugar. Sú hugsun að flytja úreltar tölvur af einum stað í skólanum á annan yrði að hans sögn aldrei liðin.

2.13 Námsráðgjöf

Námsráðgjafar eru trúnaðarmenn nemenda og í Flensborgarskólanum eru þeir tveir. Hlutverk þeirra eru að standa vörð um velferð nemenda, aðstoða þá og leiðbeina um persónuleg sem námstengd mál og vera málsvarar þeirra innan skóla. Meðal hlutverka þeirra er að halda námstækninámskeið, áhugasviðsgreina nemendur og styðja þá í að bæta námsvenjur sínar. Námsráðgjafar geta einnig vísað nemendum áfram til sálfræðinga á heilsugæslunni í bænum en ekkert samstarf er við sérfræðiþjónustu skóla í bænum. Í sjálfsmatskýrslu 2011–2012 kemur fram að persónuleg vandamál nemenda verða stöðugt fyrirferðarmeiri í starfi námsráðgjafa og að sífellt erfiðara er að vísa þeim á nauðsynleg úrræði sem eiga að vera til staðar utan veggja skólans.²⁴

Af öðrum verkefnum sem falla í skaut námsráðgjafa í Flb má nefna kynningarstarf, ýmiss konar þróunarstarf og foreldrasamstarf.²⁵ Að þeirra sögn sækja drengir og stúlkur nokkuð jafnt til þeirra og ekki er hægt að greina að einn aldurshópur sækir meira í þjónustuna en annar.

2.14 Mat úttektaraðila

- Húsnæði Flensborgarskólans er byggt á löngum tíma, það er mishentugt, m.a. vegna langra gönguleiða og þess að hæðarmunur er víða á milli gólfa, en fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.
- Vinnuaðstaða hvers kennara er þröng.
- Endurskoða þarf tölvumál skólans og vinna að úrbótum. Búnaðurinn er sagður úreltur, netþjónar óstöðugir, kerfið hægfara og netsamband ekki nægilega gott.
- Umgengni er víðast góð og skólinn vel þrífinn.
- Skólinn hefur skýr markmið og vel skilgreinda framtíðarsýn.
- Stefnuskjöl skólans eru markviss og aðgengileg.
- Bókasafn virðist vel búið gögnum en hluti les-/vinnurýmis þess er á óhentugum stað handan fjölfarins gangs.

²² Ársskýrsla 2012. (2013), bls. 16.

²³ Skólanámskrá: námsvísir: almennur hluti. (2013), bls. 32–33.

²⁴ Einar Birgir Steinþórsson og Unnar Örn Þorsteinsson. (2012), bls. 27.

²⁵ Námsráðgjöf. [Án árs].

- Mötuneytisaðstaða nemenda og starfsmanna er björt og rúmgóð.
- Námsráðgjöf er vel sinnt og gott samband er við heilsugæsluna í Hafnarfirði.

3 Nám og kennsla

Helstu áherslur Flensborgarskólans eru umhyggja, starfsandi, metnaður, mannauður, fagþekking, fjölbreytni og samheldni. Í skólasamningi Flb og mennta- og menningarmálaráðuneytis segir að skólinn hafi það að leiðarljósi að hlúa að nemendum, námsmöguleikum þeirra og velferð. Hann gegni því mikilvægu hlutverki í bæjarlífinu í Hafnarfirði. Hann sé skóli fyrir alla, bóknámsskóli, sem geri sitt til að styðja þá sem til hans leita. Áhersla er lögð á að reka starfsbraut og heilsueflandi framhaldsskóla, starfrækja kór, halda úti samstarfi um íþróttaaafrekssvið skólans og vinna að samfélagslegum verkefnum.²⁶

Flb starfar eftir áfangakerfi þar sem nemendur hafa möguleika til að velja sér fjölbreytta námsáfangi. Kennslugreinar eru margar og með ólíkar áherslur og kennsluhættir mismunandi. Kennsluaðferðir taka mið af stefnu skólans, umhverfi og áherslum á hverjum tíma og hafa það að markmiði að hvetja nemendur til náms og rækta eiginleika hvers og eins.

3.1 Skólanámskrá

Í 22. grein laga um framhaldsskóla segir að sérhver framhaldsskóli skuli gefa út skólanámskrá sem skiptist í almennan hluta og námsbrautarlýsingar. Í almennum hluta skal gerð grein fyrir starfsemi skólans, helstu áherslum og stefnumörkun, stjórnskipan, námsframboði og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati, stuðningi, ráðgjöf og þjónustu við nemendur, réttindum og skyldum nemenda, foreldrasamstarfi og samstarfi við utanaðkomandi aðila, sjálfsmati og gæðamálum og öðru sem skóli kys að kveða á um. Jafnframt skal skóli gera grein fyrir því hvernig hann uppfyllir skilyrði samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og markmið laga og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Skólanámskrá skal staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar.²⁷

Skólanámskrá Flensborgarskólans er þrískipt skjal á heimasíðu skólans. Fyrsti hluti hennar er almennur, annar hluti eru áfangalýsingar og í þriðja hlutanum eru skilgreindar forkröfur einstakra áfanga.²⁸ Almenni hlutinn tekur til fjölmargra þátta er varða innra og ytra skipulag skólans, þar eru helstu stefnuskjöl hans og fjallað ítarlega um réttindi og skyldur nemenda. Þar er greint frá grunnþáttum menntunar og því skilyrði aðalnámskrár að þeir og lykilhæfni fléttist saman og myndi burðarstoð í öllu starfi skóla, starfsumhverfi og skólabrag sem og námi og kennslu allra námsáfanga. Hins vegar er engin útfærsla á þessu í námskránni. Hún er að öðru leyti aðgengileg hverjum sem er og prýðilega læsileg.

Að sögn skólameistara er aðkoma nemenda að skólanámskrárgerðinni á hverjum tíma eins mikil eins og oddvitar þeirra kæra sig um. Hann segist vilja sjá nemendur virkari. Margar frábærar og eftirsóknarverðar hugmyndir komi frá nemendum. Hann segist ekki viss um hversu handgengin skólanámskráin sé nemendum en í lífsleikni á að kynna þeim hana.

3.2 Námsbrautir

Flensborgarskóli býður upp á nám á nýu námsbrautum og innan þeirra eiga nemendur síðan val um áherslur í námi. Flestir nemendur eru á félagsfræðibraut (34,3% nemenda) og náttúrufræðibraut (28,5% nemenda). Að öðru leyti skiptast nemendur á námsbrautir eins og sjá má í töflu 1.

²⁶ Skólasamningur. (2013), dags. 22.2.

²⁷ Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

²⁸ Skólanámskrá. (2013).

Tafla 1: Námsbrautir og fjöldi nemenda eftir kynjum.


Braut	V2011		H2011		V2012		H2012		V2013		H2013	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
10. bekkingar	6	6	6	10	5	4	3	15	3	15	13	22
Almenn námsbraut	33	25	34	34	25	29	16	20	10	13	29	23
Félagsfræðibraut	118	120	121	143	122	126	137	148	129	138	125	150
Fjölmiðlabraut	7		14	2	14	3	10	2	13	1	8	
Grunnnám uppl./fjölbr.	35	7	34	7	24	3	29	7	19	7	20	3
Málabraut	7	42	9	48	10	38	9	37	5	41	7	42
Náttúrufræðibraut	137	110	151	114	140	95	145	97	129	84	140	89
Starfsbraut 1	12	13	12	12	11	12	11	11	10	13	12	14
Viðskipta- og hagfr.br.	49	43	54	42	52	43	54	36	48	32	57	40
Viðbótarnám til stúd.pr.	8	5	5	5	10	3	6	1	4	1	4	2
Auðir			1	2	1	1	2		1			1
Samtals	411	371	440	419	414	357	421	373	371	344	415	386

Fjöldi nemenda sem taka íþróttasvið samhliða brautum til stúdentsprófs en eru skráðir á viðk. brautum

Íþróttasvið	117	56	150	63	134	50	138	53	115	46	125	63
-------------	-----	----	-----	----	-----	----	-----	----	-----	----	-----	----

Á síðustu þremur árum hafa engar stórar breytingar orðið á aðsókn nemenda á einstakar námsbrautir þannig að námsframboð virðist í nokkuð föstum skorðum að öðru leyti en því að um áramótin síðustu var ákveðið að hætta starfrækslu fjölmiðlabrautar og þar með grunnnámi upplýsinga- og fjölmiðlabrautar. Sú ákvörðun var tekin í ljósi lítillar aðsóknar og hversu kostnaðarsamt námstilboðið var.

Alls eru 126 námsáfangar kenndir við skólann. Náms hópar eru misstórir eins og fram kemur á mynd 2.



Mynd 2: Fjöldi námshópa eftir fjölda nemenda 2013.

Á vorönn 2013 voru 23 námshópar með tólf nemendur eða færri og á haustönn sama árs var fjöldi þessara fámennu námshópa 26. Sumir þeirra eru kenndir með skertum kennslustundafjölda og er samið við kennara um það fyrirkomulag. Á hinn bóginn voru líka allmargir fjölmennir námshópar í skólanum. Á vorönn 2013 voru 63 námshópar með 25 nemendur eða fleiri og á haustönn voru þeir 92. Að sögn skólameistara var stærsti hluti fámennra og virkra hópa tengdur fjölmiðlun sem hefur verið lögð af. Af stóru hópunum eru nokkrir áfangar í eðli

sínu lesáfangar (ENS883/ENS783/ÍSL583) þar sem nemendur hitta kennara og ræða við þá en koma sjaldan saman sem hópur.

Í 23. grein laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 segir að framhaldsskólar skuli setja sér námsbrautarlýsingar og leggja þær fyrir ráðherra til staðfestingar. Jafnframt skulu skólar færa námsbrautir sínar inn í námskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytis. Leitað hefur verið staðfestingar á starfsbraut á þessari önn og þá liggur námskrá fyrir kórin í ráðuneyti. Unnið er að mótun námskrár fyrir íþróttasvið.

3.3 Kennsluhættir

Hver kennslustund í Flensborgarskólanum er klukkustundar löng. Í skólanámskrá er fjallað almennt um kennsluhætti og sagt að ólíkar kennslugreinar kalli á mismunandi aðferðir og nemendaverkefni. Þar segir jafnframt að sérstök áhersla sé lögð á að nýta upplýsingatækni í öllu námi og kennurum falið að meta eftir aðstæðum hverju sinni hvaða kennsluaðferð sé heppilegust. Áréttað er að þær skuli „taka mið af stefnu skólans, umhverfi og áherslum á hverjum tíma og hafa það að markmiði að hvetja nemendur til náms og rækta eiginleika hvers og eins.“²⁹

Sviðsstjórar segja kennsluhætti fjölbreytta í skólanum. Kennarar hafi reynt speglaða kennslu í raungreinum og íslensku og óhætt sé að segja að kennarar prófi ýmislegt. Skólinn hefur að sögn skólameistara hvatt kennara áfram í þessu starfi með ýmsum hætti og stutt við það með tækjakaupum. Á sviðsfundum fer fram umræða um kennsluaðferðir og sviðsstjórar segja samræðu kennara leiða af sér sterkari faglega umræðu innan skólans. Kennsluáætlanir greina ekki endilega frá kennsluaðferðum og ekkert eftirlit er með því af hálfu skóla hvernig kennarar fylgja þeim. Komi upp ábendingar um alvarleg frávik eru þau tekin til skoðunar. Kvartanir um frávik frá nemendum fara beint til skólameistara sem kemur þeim áfram til sviðsstjóra. Sviðsstjórar fá samantekt úr áfangamati fyrir sitt svið. Þær samantektir sem gerðar eru um sviðið eru trúnaðarmál og ekki birtar öðrum en nýttar í starfsmannaviðtölum. Rætt hefur verið um að kennarar fái viðmiðunartölur samhliða sínu mati.

Í sjálfsmatsskýrslu 2011–2012 eru birtar niðurstöður áfanga-/kennaramats á tungumála-sviði haustið 2011, raungreinasviði haustið 2010 og félagsgreinasviði haustið 2009. Spurningarnar voru ætíð hinar sömu og því samanburðarhæfar. Í heildina er ekki mikill munur á milli sviðanna en þær spurningar sem jákvæðastar undirtektir fengu á fimm stiga kvarða voru: „Nemendur fengu tækifæri til þess að spyrja spurninga“ (4,12–4,24) og „Kennarinn nýtti kennslustundirnar vel“ (3,96–4,13). Minnstar undirtektir fengu spurningarnar: „Ég skróaði meira í þessum áfanga en öðrum“ (1,81–1,96) og „Námsefni áfangans var of erfitt fyrir mig“ (2,37–2,85). Í heild fáu kennarar og kennsla þeirra jákvæða umsögn, þeir þykja liðlegir og fylgja kennsluáætlunum vel. Í athugasemdum með þessum niðurstöðum segja skýrsluhöfundar að nokkur mismunur sé milli einstakra áfanga og kennara sem brugðist sé við með starfsmannasamtölum eða sérstökum stuðningi. Þeir sjá jafnframt ástæðu til að nefna það að það vanti „kerfi þar sem komið er til móts við kennara þegar árangur eða frammistaða þykir mjög góð.“³⁰

Rýnihópur nemenda segir þeir kennsluhætti góða en „venjulega“. Kennarar leggi námsefni og námsáætlanir inn á vef í öllum greinum en að þeirra mati verður alloft drjúg skekkja milli þess sem áætlarnir gera ráð fyrir og þess sem raunverulega á sér stað. Ekki er gert ráð fyrir því að nemendur mæti með tölvur í tíma og að sögn nemenda eru sumir kennarar á móti því. Bókasafnið er stundum nýtt í kennslustundum, einkum til heimildavinnu. Þjónustan þar er góð en engin eiginlega bókasafnskennsla á sér stað.

²⁹ Skólanámskrá: námsvísir: almennur hluti. (2013), bls. 10.

³⁰ Einar Birgir Steinþórsson og Unnar Örn Þorsteinsson. (2012), bls. 22–24.

3.3.1 Námsmat

Ítarlega er fjallað um námsmat í skólanámskrá og byrjað á að ræða hlutverk þess. Að því búnu er talað um mismunandi námsmatsaðferðir og sagt að mikilvægt sé að meta alla þætti náms, þ.e. þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá. Síðan segir að í kennsluáætlun, sem nemendur fá í öllum áföngum við upphaf annar, komi fram með hvaða hætti námsmat fari fram og áréttað að vægi einstakra þátta námsefnis í námsmati skuli að jafnaði endurspegla vægi þeirra í viðkomandi grein.

Próf í annarlök vegur oftast þyngst í námsmati en í flestum áföngum er jafnframt gefin einkunn fyrir verkefni og samfellda vinnu nemenda. Þá gildir sú regla að nemandi þarf að standast lokaprófið áður en vægi annarra þátta reiknast inn í lokaeinkunn nema annað sé tekið fram. Fall á verkefnishluta meinar nemanda ekki að taka próf og fá útreiknaða heildareinkunn nema skýrt sé kveðið á um það í kennsluáætlun. Nokkrir áfangar eru án lokaprófs og byggir námsmat í þeim á símati alla önnina.³¹

Að sögn skólameistara er unnið að því að fá sviðin í skólanum til að fara í gegnum námsmatsaðferðir með það að markmiði að draga úr prófum og taka í staðinn upp fjölbreyttara námsmat. Um 70% áfanga eru með lokapróf og talsvert er um skyndipróf. Starfshópur hefur verið settur á laggirnar þvert á svið til að vinna að tillögugerð á þessu sviði.

3.4 Fjarnám

Fjarnám hófst haustið 2013 við skólann. Fyrir áramót voru það að langmestu leyti grunnskólanemendur sem vilja hefja nám í áföngum framhaldsskólans. 76 hófu fjarnám á vorönn 2014. Sérstakur samningur hefur verið gerður við kennara um fjarkennslu. Hann tekur mið af samningum kennara í VMA. Samkomulag er um að samningurinn verði tekinn upp aftur eftir þetta skólaár er nokkur reynsla verður komin á hann. Kennarar nota námsnet skólans í fjarkennslunni.

3.5 Umbóta- og þróunarverkefni

Að sögn skólameistara eru jafnan mörg verkefni í gangi og af sumum fréttist ekki fyrr en lokið er. Hann nefnir sem dæmi að hópur kennara vinni að vendikennslu eða speglaðri kennslu. Þá sé mikil vinna við námskrá, jafnréttisnefnd starfi af krafti, verið sé að þróa fjarnám eftir nokkurra ára hlé, sjálfsmat sé í stöðugri endurskoðun og sama sé um umsjónarkerfið o.fl. Að hans mati er verkefnið um heilsueflandi framhaldsskóla stærsta viðfangsefnið og þar sé ævinlega fjölmargt í gangi.³²

Núverandi skólasamningur skólans og mennta- og menningarmálaráðuneytisins gildir til ársloka 2015 og í fylgiskjali með honum flestum þessara þátta lýst sem viðfangsefnum á samningstímanum. Ítarlegust er umfjöllunin um þau skref er stíga skal í heilsueflingarverkefninu. Af ónefndum verkefnum í fylgiskjalinu má nefna metnaðarfull áform um umhverfisvæn innkaup og lækkun orkukostnaðar auk námskrár fyrir kór skólans sem hefur verið samin og bíður staðfestingar ráðuneytisins.³³

Talsvert var um erlent samstarf til ársins 2012 en það hefur legið niðri síðan af fjárhags-ástaðum.³⁴

³¹ Skólanámskrá: námsvísir: almennur hluti. (2013), bls. 11–12.

³² Magnús Þorkelsson. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 20.11.

³³ Skólasamningur. (2013), dags. 22.2.


³⁴ Ársskýrsla 2012. (2013), bls. 16–17.

3.6 Mat úttektaraðila

- Skólanámskrá Flb er skipulega byggð, vel skrifuð og aðgengileg hverjum sem er á heimasíðu skólans.
- Skólanámskrá Flb greinir ekki frá því hvernig grunnþættir menntunar og lykilhæfni fléttast saman í samræmi við fyrirmæli aðalnámskrár.
- Flb er bóknámsskóli með áfangakerfi. Til þess að auka námsval nemenda er eðlilegt að stefna að nánú samstarfi við Iðnskólann í Hafnarfirði.
- Námsframboð er í nokkuð föstum skorðum.
- Vinna þarf að fækkun bæði fámennra og fjölmennra námshópa.
- Kennarar hafa frjálssar hendur um kennslutilhögun, nákvæmar upplýsingar um kennsluhætti liggja ekki fyrir og ekki virðist unnið skipulega að þróun þeirra.
- Efla þarf umræðu um námsmat og tilhögun þess.
- Vilji er til að draga úr prófaáherslu í skólanum og nýta tímann á annan hátt til kennslu og náms. Þetta mætir andstöðu hluta kennara sem segja breytingar kalla á endurskoðun kjarasamninga.
- Unnið er að þróun fjarnáms og vilji er til að efla það með það í huga að geta mætt nemendum á fjölþættari hátt.


4 Nemendur

Haustið 2013 var 812 nemandi skráður í skólann. Að sögn skólameistara er skólinn þó ekki fullsetinn. Allnokkur nemendaígildi vantar upp á heildartölu skólans en unnið hefur verið að tiltekt og afskráðir nemendur sem ekkert gerðu. Nokkrar sveiflur hafa verið í nemendafjölda Flensborgarskóla á liðnum árum samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Flestir voru ársnemendur árið 2009 en fæstir árið 2010 (mynd 3).



Mynd 3: Fjöldi ársnemenda í Flensborgarskóla 2007–2011.³⁵

Athygli vekur að karlar eru heldur fleiri meðal nemenda en konur í Flensborgarskóla. Að sögn skólameistara er skýringa einkum að leita í að karlar eru mun fleiri en stúlkur á afrekssviði skólans (mynd 4).



Mynd 4: Hlutfall karla og kvenna í nemendahópi Flensborgarskóla 2007–2011.³⁶

³⁵ Hagstofa Íslands.

³⁶ Sama heimild.

Ef hlutfall kynjanna í Flensborgarskóla er borinn saman við hlutfall kynja í öðrum bóknámsskólum á framhaldsskólastigi sker hann sig frá þeim þeim að þessu leyti. Að meðaltali var hlutfall kvenna af nemendahópi menntaskóla á árabílinu 2007–2011 57,8% og karla 42,2%, þ.e.a.s. umtalsvert fleiri konur stunduðu nám í bóknámsskólum en karlar.³⁷ Í Flensborgarskólanum er þessu öfugt farið því þar er hlutfall karla af heildarnemendafjölda skólans 51,3% á móti 48,7% kvenna.

Þegar rýnt er í fjölda innritaðra nemenda á árinu 2013 má sjá að nemendatalan spannar frekar stutt aldurssvið. Elsti nemandinn er um þrítugt en þeir yngstu fjórtán ára. Þorri nemenda er á hefðbundnum framhaldsskólaaldri (16–20 ára) og er það almenn stefna skólans að vísa nemendum á þrítugsaldri sem vilja dagskólanám í aðra skóla³⁸ (tafla 2).

Tafla 2: Fjöldi innritaðra nemenda 15. jan. og 15. sept., skipt eftir árgöngum og kynjum.

Árgangur	Vorönn 2013			Haustönn 2013		
	kk	kvk	Heild	kk	kvk	Heild
1999				3	1	4
1998				11	23	34
1997	3	14	17	98	88	186
1996	99	92	191	91	84	175
1995	115	89	204	99	81	180
1994	73	92	165	66	82	148
1993	45	30	75	27	14	41
1992	29	8	37	18	4	22
1991	8	12	20	1	7	8
1990	2	6	8	4	5	9
1989		5	5		2	2
1988	2	1	3	1		1
1987	1	2	3	1		1
1985		1	1	1		1
1983		1	1			
Heild	377	353	730	421	391	812

Talsverður munur er á fjölda nemenda á milli haustannar og vorannar sem skýrist af því að skólinn brautskráir nemendur í lok hverrar annar, í maí og desember og fáir nýnemar innritast í upphafi vorannar. Ekki hefur verið mikið um að skólinn innriti nemendur á grunnskólaaldri en á haustönn 2013 voru þó 38 slíkir skráðir í skólann. Þetta eru annars vegar nemendur sem eru í fjarnámi við skólann og hins vegar í stærðfræði sem er í boði til grunnskóla.

Í desember 2012 brautskráðust 76 nemendur en um vorið sama ár 99, alls 175. Í maí 2013 brautskráðust 70 nemendur frá Flb og í desember 2013 58, alls 128. Þrettán þeirra brautskráðust eftir þriggja ára nám og liðlega tuttugu eftir þriggja og hálfis árs nám. Meðalnámstími stúdenta frá Flb er 8,5 annir ef taldar eru virkar námsannir.

Nýnemar á haustönn 2013 voru 193 (tafla 3).

Tafla 3: Umsóknir um skólavist og innritun nýnema á haustönn 2013.


	1. val	2. val	3. val	Innr. 1. val	Innr. 2. val	Innr. 3. val
Fjöldi	155	157	7	155	32	6

³⁷ Sama heimild.

³⁸ *Ársskýrsla 2013*. (2014), bls. 9.

80% nýnemanna höfðu valið Flensborgarskóla sem fyrsta val og fengu þeir allir skólavist. 157 kusu Flensborgarskóla sem annan kost og 20% þeirra fengu skólavist. Sjö nemendur völdu Flensborg sem þriðja kost og sex þeirra fengu skólavist. Að sögn skóla-meistara eru um 90% nýnema Flb úr grunnskólum Hafnarfjarðar en það er um 50%–60% þeirra sem ljúka grunnskólaprófi þaðan. Í samtali við nemendur kom fram að ekki hafi verið sjálfgefið að þeir sæktu um í Flensborg, sumir höfðu reynt fyrir sér í öðrum skólum og jafnvel verið hvattir af kennurum í grunnskólum Hafnarfjarðar til að sækja um framhaldsskóla í Reykjavík.

Langstærstur hluti nemenda er frá Hafnarfirði og má því segja að skólinn sé eins konar hverfisskóli bæjarins. Áhersla á ípróttir hefur í nokkrum mæli laðað að nemendur frá öðrum sveitarfélögum eða landshlutum (mynd 5).



Mynd 5: Fjöldi nemenda eftir búsetu.

Haustið 2013 voru 88,9% nemenda með búsetu í póstnúmerum 220 og 221 (Hafnarfjörður). Aðrir nemendur sem skólann sækja koma flestir úr nærliggjandi byggðum, Garðabæ (pnr. 210 og 225), Kópavogi (pnr. 200–203), Vogum (pnr. 190) og Reykjavík.

4.1 Umsjón

Í Flensborgarskólanum er sérstakur mætingastjóri sem „hefur eftirlit með skólasókn nemenda, gerð samninga við nemendur um frávík eða skilmála, niðurröðun og umsjón með heimanámi, skipulag umsjónarkennara, útsendingu bréfa til foreldra um skólasókn, eftirrekstur vegna fjarvistaskráningar og önnur mál er þetta snerta.“³⁹

Öllum nemendum var áður fenginn sérstakur umsjónarkennari sem hafði það meginhlutverk að fylgjast með skólasókn, vera til ráðgjafar og leiðsagnar og vera tengiliður nemenda og skóla. Það kerfi er ekki lengur við lýði vegna þess að kennarar sögðu þeim hluta starfsins upp árið 2012 vegna ágreinings um þóknun.

Nýnemar fá vikulega umsjónartíma þar sem þeim eru meðal annars kenndar reglur skólans. Umsjónarkennari nýnema aðstoðar þá við námsval á vorönn. Brautskráningarhópur hvernar annar er í LOK áfanganum og hittist vikulega. Þar er brautskráningin undirbúin, nemendur fá námskynningar, o.fl. Nemendur á starfsbraut eru með umsjónarkennara.

Sviðsstjórar og áfangastjóri stýra valferli nemenda sem ekki eru með umsjónarkennara ásamt aðstoðarskólameistara. Þróað hefur verið kerfi þar sem nemendur velja sjálfir í INNU.


³⁹ Mætingastjóri. [Án árs].

4.2 Fjarvistir og brottfall

Í ársskýrslu Flb 2013 kemur fram að skólasókn nemenda hefur þótt frekar slæm á köflum og að mikil vinna hafi verið lögð í úrbætur af mætingastjóra og starfshópi sem með honum starfar. Fyrir sé nú tekið á málum en áður.⁴⁰ Skólasóknarreglur eru birtar í skólanámskrá. Í þeim er gerð krafa um að nemendur mæti stundvíslega í allar kennslustundir og próf nema lögmæt forföll komi til. Kennarar skrá fjarvistir en nemendur bera ábyrgð á eigin mætingu. Allar fjarvistir eru birtar í Innu þar sem nemendur geta fylgst með stöðu sinni og gert athugasemdir telji þeir ranglega skráð. Ber þá kennara að kanna málið ásamt mætingastjóra.⁴¹

Nemendur segja umræðu í þeirra hópi um hvernig staðið er að skráningu mætinga í tímum og gæti óánægju meðal þeirra. Segja þeir misjafnt eftir kennurum hvernig mætingar eru skráðar og fari ekki allir að reglum þar að lútandi.⁴² Flestir merki við í upphafi tíma og gefi nemendum jafnvel lítið ráðrúm til að koma sér fyrir. Sumir kennarar skrái aldrei mætingar. Flestir nemendur mæti yfirleitt stundvíslega en það séu gjarnan hinir sömu sem koma of seint.

Samkvæmt upplýsingum frá mætingastjóra voru skráðar fjarvistir nemenda 21% af heildarfjölda kennslustunda á vorönn 2013 (mynd 6).



Mynd 6: Mætingar og fjarvistir sem hlutfall af heildarfjölda kennslustunda vor 2013.

Skólinn hefur sett sér það markmið að brottfall frá námi innan annar sé undir 5% miðað við ársnemendafjölda við lok töflubreytinga. Brottfall, sem felst í því að nemendur hætta í stökum áföngum innan annar eða hætta alveg í skólanum, hefur undanfarin ár verið á bilinu 3,5–5,5% á hverri önn. Námsráðgjafar og aðrir í stoðkerfi skólans hafa fylgst vel með námsframvindu og skólasókn nemenda og sífellt aukin áhersla er lögð á að reyna að grípa inn í um leið og sjást merki um að eitthvað sé að fara úrskeiðis hjá einstökum nemendum.

Á árinu 2012 náðist markmið skólans ekki þar sem brottfall nemenda var nokkru meira en undagnengin mörg ár. Á vorönn var brottfall innan annar 5,6%, þar af 1,3% sem ekki mættu til lokaprófs þrátt fyrir að stunda nám allt til annarloka. 4,3% hættu í stökum áföngum eða alveg í skólanum. Á haustönn var brottfallið 7%, þar af 2,4% sem ekki mættu til prófs í stökum áföngum þrátt fyrir að stunda nám alla önnina. 4,6% hættu í stökum áföngum eða

⁴⁰ Ársskýrsla 2013 (2014), bls. 11.

⁴¹ Skólanámskrá: námsvísir: almennur hluti. (2013), bls. 28.

⁴² Í Nýliðahandbók 2013–2014 er kynnt gott verklag við skólasóknarvinnu.

alveg. Brottfall á vorönn 2013 var 5,9% en á haustönn 1,9% og virðast aðgerðir til að vinna gegn brottfalli hafa skilað nokkrum árangri.⁴³

4.3 Nemendur með sérþarfir

Í ársskýrslu 2012 kemur fram að námsráðgjafar og aðrir í stoðkerfi skólans séu sammála um að geðrænir og félagslegir erfiðleikar í nemendahópnum fari vaxandi, einstök mál verði erfiðari og það flókin að á vettvangi skólans séu ekki miðlar né úrræði sem duga fyrir þennan hóp nemenda. Þar segir ennfremur að almennur doði og áhugaleysi fyrir náminu hjá vissum hópi nemenda virðist fara vaxandi og sífellt erfiðara sé að vinna með þann hóp. Bilið á milli hans og þeirra sem vel gengur er að aukast. Staða þeirra sem eiga undir högg að sækja sé mikið áhyggjuefni, ekki síst þar sem skólinn hefur ekki getað bætt við í stoðþjónustu heldur þvert á móti þurft að draga úr henni vegna fjárhagsörðugleika.⁴⁴

Af hálfu skóla er aukin áhersla lögð á að reyna að grípa inn í um leið og sjást merki um að eitthvað sé að fara úrskaiðis hjá einstökum nemendum. Að sögn skólameistara er skólinn með eina manneskju í hálfu starfi í ráðgjöf sem vinnur með nemendum sem eru með greiningar, eins og það er kallað. Að mati kennara er úrvalsnemendum vel sinnt svo og þeim sem undir högg eiga að sækja í námi, allir séu jafnir gagnvart þjónustu skólans. Á árinu 2012 var unnið að þróun verklags í kringum fjölbreyttara námsmat. Þá voru myndaðir stoðhópar í áföngunum HMN, sem er heimanámsstuðningur fyrir nemendur með greiningu, og TJÁ sem er áfangi fyrir nemendur sem vilja efla sjálfstraust og félagsfærni. Skerpt var á vinnureglum kennara og kröfum til nemenda í þessum áföngum.

Sérkennsluráðgjafi heldur utan um allar greiningar en þeim hefur fjölgað mjög á undanförunum árum. Hann er ráðgefandi fyrir kennara og segir nemendum hvað er í boði. Tæplega 60 nemendur með greiningar komu inn á haustönn 2013 en um 135 nemendur eru í skólanum með greiningar af öllu tagi. Afgerandi mest er af lesblindu, athyglisbresti, einhverfu og óyrtum námserfiðleikum. Að sögn sérkennsluráðgjafa er mikill munur á stuðningi við þessa nemendur frá því í grunnskólanum. Reynt er að koma til móts við hópinn með því að bjóða upp á heimanámsáfangu inni í stundatöflu. Það dregur úr námsálagi og eru nemendur ánægðir með að fá einingar fyrir heimanámið.

Sérkennsluráðgjafi hittir alla nemendur sem skila inn greiningu og gefur kennurum þeirra upplýsingar um þá og hvernig helst má mæta þörfum þeirra. Kennarar sem eru meðvitaðir um þessa nemendur eru viljugir til að gefa þeim sérstakan gaum í tímum eða utan tíma. Mörgum nemendanna gengur vel í skólanum. Í byrjun náms eru þeir oft skráðir á almenna námsbraut en námi á henni lýkur þegar neminn hefur náð tilsettum markmiðum. Engin brautskráning er af almennri braut en algengast er að nemendur haldi áfram á öðrum námsbrautum skólans. Námsstími á almennri námsbraut er ein til tvær annir eftir því hvernig nemanum gengur.

4.3.1 Nemendaverndarráð

Nemendavernd er í höndum Nemendaverndarráðs. Það fjallar um mál þeirra sem þurfa á sérstökum úrræðum að halda í námi og ýmis persónuleg málefni sem upp koma. Ráðið mótastefnu og viðbrögð við áföllum, s.s. dauðsföllum, slysum og alvarlegum veikindum. Einnig er það hlutverk ráðsins að móta viðbrögð gegn einelti. Í ráðinu sitja skólameistari, aðstoðar-skólameistari, námsráðgjafi, félagslífsfulltrúi, forvarnarfulltrúi og mætingastjóri ásamt einum fulltrúa kennara.⁴⁵ Mál berast gjarnan til nemendaverndarráðs frá kennurum og starfsfólki og mál eftir skólaböllum og nemendadaga geta komið til umfjöllunar í nemendaverndarráði.

⁴³ *Ársskýrsla 2013*. (2014), bls. 21.

⁴⁴ *Ársskýrsla 2012*. (2013), bls. 9.

⁴⁵ Sama heimild, bls. 23.

4.3.2 Starfsbraut

Starfsbraut Flb er fjögurra ára einstaklingsmiðað námstilboð fyrir mjög fatlaða nemendur sökum þroskahömlunar, einhverfu, sjónskerðingar eða annars og nemendur sem notið hafa verulegrar sérkennslu á grunnskólastigi. Fyrstu tvö árin er áhersla lögð á hefðbundið bóknám með starfstengdu ívafi, m.a. með vettvangsferðum í fyrirtæki og stofnanir. Seinni tvö árin er (auk bóklegs náms) áhersla á starfskynningar og vinnustaðanám. Nemendur brautarinnar hafa jafnframt möguleika á að stunda nám í almennum áföngum. Forsenda fyrir inntöku er að greining sérfræðinga fylgi umsókn.

Markmið starfsbrautarinnar eru:

- Að stuðla að alhliða þroska nemans.
- Að auka sjálfstæði nemans í daglegu lífi og örva hann til sjálfstæðrar ákvarðanatöku.
- Að veita menntun sem nýtist í daglegu starfi og tómstundum.
- Að auka reynslu, þekkingu og færni nemans til að takast á við viðfangsefni fullorðinna í daglegu lífi.
- Að neminn öðlist þekkingu og leikni til að stunda einföld störf á vernduðum eða almennum vinnustað.⁴⁶

Helstu námsþættir skiptast í bóklegar greinar, s. s. íslensku, stærðfræði og ensku; samfélagsgreinar, s. s. lífsleikni og landafræði; verk- og listgreinar, s. s. myndmennt, handmennt og heimilisfræði; heilsurækt og heilbrigðisgreinar, s. s. íþróttir; starfsfræðslu, starfsþjálfun og vinnustaðanám.⁴⁷ Að sögn kennara felst sérstaða starfsbrautarinnar í að nemendum er boðið að fara út í almenna áfanga með stuðningi. Hópurinn sem nýtir sér þetta fer sífellt stækkandi. Eðli málsins samkvæmt er starfsnámsbraut dýr eining í rekstri þar sem námshópar geta aldrei verið fjölmennir. Þá ræður starfsbrautin til sín nemendur úr almenna hluta námsins, nemendur sem uppfylla skilyrði um ábyrga framkomu og eru félagslega sterkir, til að fylgja nemendum starfsbrautar í frímínútum. Þetta þýðir að félagsleg aðlögun nemenda á starfsbraut og þátttaka þeirra í félagslífi gengur betur en áður.

Að mati skólameistara er starfsbraut dýrt úrræði en vel útfært. Hann segir framlög til starfsins ekki í samræmi við þjónustuna.

Í sjálfsmatsskýrslu 2011–2012 kemur fram að starfsfólk brautarinnar telur mjög mikilvægt að endurskoða og breyta starfsnámi/starfsþjálfun nemenda sem sé ekki viðunandi og standi ekki undir nafni. Það sé frekar kynningar og heimsóknir en starfsnám sem skilar nemanda einhverri kunnáttu í starfi. Beðið sé eftir nýrri námskrá starfsbrauta og reglugerð um starfsnámið frá ráðuneytinu. Þá er bent á að tryggingamál nemenda í starfsnámi séu í ólestri.⁴⁸

4.4 Afreksfólk í íþróttum

Eitt af sérkennum Flensborgarskólans er áhersla hans á afreksfólk í íþróttum. Sú áhersla kemur fram í því að starfrækt er íþróttafrekssvið (ÍAS) í samstarfi við Íþróttabandalag Hafnarfjarðar. Sviðið er hluti af námsbrautum til stúdentsprófs. Námið er að mestu leyti hefðbundið stúdentsnám en að auki eru áfangar sem eru ýmist hjá skólanum eða viðkomandi íþróttafélagi og hafa það sem tilgang að efla ungt íþróttafólk og búa það undir að stunda íþróttir sem atvinnumenn eða afreksmenn. Um hugtakið afreksmenn er oftast byggt á kafla í *Aðalnámskrá framhaldsskóla*.⁴⁹ Nemendum er bent á að grunnnám til stúdentsprófs uppfyllir ekki endilega kröfur sem gerðar eru í einstökum deildum háskóla. Það er á ábyrgð nemandans að kynna sér slíkt.

⁴⁶ *Starfsbraut*. [Án árs].

⁴⁷ Sama heimild.

⁴⁸ Einar Birgir Steinþórsson og Unnar Örn Þorsteinsson. (2012), bls. 29.

⁴⁹ *Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti*. (2012), bls. 81.

Komið er til móts við afreksfólk á þann hátt að fjarvera vegna keppnis- og/eða æfingaferða reiknist ekki inn í skólasóknareinkunn. Þá útilokar fjarvera á próftíma vegna keppnis- og/eða æfingaferða nemendur ekki frá því að gangast undir námsmat í lok skólaárs eða námsannar.⁵⁰ Þetta hefur mætt nokkurri andstöðu kennara því í sjálfsmatskýrslu 2011–2012 kemur fram að fjarvera afreksfólksins kalli stundum á aukaverkefni og aukavinnu af þeirra hálfu.⁵¹ Slík aukavinna er þó jafnan greidd sérstaklega.

4.5 Nemendur af erlendum uppruna

Flensborgarskólinn hefur mótaða stefnu og móttökuáætlun hvað varðar nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku.⁵² Í henni er skilgreint ferlið frá því nemi innritar sig, um viðtal námsráðgjafa við nemann og foreldra/forráðamenn hans, til gerðar einstaklingsnámskrár og samstarfs viðkomandi kennara. Að sögn skólameistara er sóst eftir því að fá skiptinema og á skólinn í sérlega góðu samstarfi við AFS og Rotary. Áfanginn ÍSA er notaður sem stuðningshópur fyrir erlenda nemendur.

4.6 Nemendafélag

Nemendafélag Flensborgarskólans (NFF) var stofnað 1972. Allir nemendur geta verið í félaginu og kjósa þeir stjórn í lok hvernar vorannar. Auglýst er eftir framboðum og einstaklingar eða hópar bjóða sig fram. Í upphafi haustannar er fulltrúum nýnema bætt við með sérstökum kosningum. Stjórn skiptir á milli sín verkum. Að mati núverandi stjórnar þarf að endurskoða lög félagsins með tilliti til kjörs í trúnaðarstörf. Gildandi lög bjóði upp á klíkumyndun sem vinna þurfi gegn. Fundir stjórnar eru skráðir í fundargerðarbók en fundargerðir eru ekki gerðar opinberar á heimasíðu félagsins. Félagsgjöld eru innheimt með skólagjöldum. Um það bil 100 manns á hverju skólaári óska eftir endurgreiðslu þar sem þeir óska ekki eftir að taka þátt í starfi félagsins. Mest eru það eldri nemendur sem ekki vilja taka þátt.

Félagsmálakennarar fylgjast með félagslífi nemenda og eru þeim til aðstoðar. Þeir eru tengiliðir við skólameistara því meistari fundar ekki formlega með nemendafélagsstjórn en nemendur segja alltaf opið inn til hans og samskiptin mjög góð. Félagsmálakennarar aðstoða nemendafélagsstjórnina og annast kennslu í leiðtogaþjálfun sem er skilgreindur námsáfangi fyrir nemendur sem sinna trúnaðarstörfum. Nemendur segja þann áfanga ómetanlegan.

Formaður nemendafélagsins situr skólaráðsfundi einu sinni í viku með formanni hagsmunaráðs. Segja nemendur það vettvang til að fá upplýsingar um hvað er að gerast og gefa upplýsingar á móti. Allar stærri ákvarðanir innan skóla eru teknar á skólaráðsfundum. Til dæmis um aðkomu nemenda voru þeir boðaðir á fund með skólanefnd um málefni fjölmiðladeildar og gátu komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Hagsmunaráð er starfandi innan nemendafélagsins. Nemendur óska eftir atbeina hagsmunaráðs um mál er þá varðar. Einstaklingsbundin mál, s.s. brottvísun nemenda úr skóla, koma ekki til kasta nemendafélagsins eða hagsmunaráðs. Um slíkar stjórnvaldsákvæðanir hafa nemendur ekkert að segja.

Stjórn nemendafélagsins og formenn helstu ráða og nefnda á vegum þess mynda framkvæmdastjórn sem skipuleggur félagsstarfið. Í skólanum er gefið út skólablaðið *Draupnir* og sérstakt fjölritað fréttablað. Núverandi stjórn nemendafélagsins er að endurvekja útgáfu skóladagbókar sem hefur legið niðri um árabíl. Jafnframt hefur hún endurvakið íþróttadag. Félagið heldur úti fésbókarsíðu og vefsíðu.⁵³

⁵⁰ *Skólanámskrá: námsvísir: almennur hluti.* (2013), bls. 35–36.

⁵¹ Einar Birgir Steinþórsson og Unnar Örn Þorsteinsson. (2012), bls. 27.

⁵² *Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.* [Án árs].

⁵³ *Skólanámskrá: námsvísir: almennur hluti.* (2013), bls. 22.

Af öðrum liðum í félagsstarfinu má nefna föst þrjú böll, sundlaugarpartí, keilumót og sönglagakeppni. Nemendur segja vel fylgst með áfengismálum á samkomum. Notkun áfengismæla sé hins vegar viðkvæmt mál en ákvörðun um notkun þeirra var tekin af þeim sjálfum ásamt öryggisgæslunni. Þeir sem falla á mælingu eru færðir í sjúkrahverbergi og hringt til foreldra séu þeir undir lögdri. Skírteini eru notuð til að tryggja að ekki séu nemendur annarra skóla óboðnir á samkomum félagsins. Í stað busunar er farið með nýnema í ferðalag þeir boðnir velkomnir. Síðast var farið á Laugarvatn og tókst ferðin mjög vel.

Í skólanámskrá eru ítarlegar reglur um skemmtanir og ferðir á vegum nemendafélagsins. Þær lúta meðal annars að neyslu ávana- og fíkniefna og skilgreind eru viðurlög við notkun þeirra.⁵⁴

4.7 Mat úttektaraðila

- Flensborgarskólinn er ekki fullsetinn og getur hæglega tekið á móti fleiri nemendum.
- Skólinn er mikill „hverfisskóli“ Hafnarfjarðar en nýtir nærumhverfið með takmörkuðum hætti til náms og kennslu.
- Ósamræmis gætir milli kennara við skráningu fjarvista nemenda.
- Skólinn hefur markvisst unnið gegn brottfalli og orðið nokkuð ágengt í því starfi. Skólinn reynir eftir megni að aðstoða þá nemendur sem eiga við félagslega, geðræna eða annars konar örðugleika að etja.
- Vel er haldið utan um starfsbraut en fjárskortur hamlar meðal annars eðlilegri endurnýjun tölvubúnaðar.
- Efla þarf starfsnám/starfsþjálfun nemenda á starfsbraut og gera markvissara.
- Íþróttáafrekssvið Flb er námskostur sem markar skólanum eftirtektarverða sérstöðu.
- Námskeiðið leiðtogaþjálfun er gott nýmæli í íslensku framhaldsskólastarfi.
- Nemendafélag Flb starfar af krafti og vel virðist staðið að félagslífi á vegum þess.

⁵⁴ Sama heimild, bls. 33–34.

5 Mannauður

Flensborgarskóli er fjölmennur vinnustaður með 89 starfsmenn sem skiptast á tæp 78 stöðugildi.⁵⁵ Fjórðungur starfsmannahópsins eru karlar og þrír fjórðu konur (tafla 4).

Tafla 4: Störf og fjöldi starfa með tilliti til kynja.

<i>Starf</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Stöður</i>	<i>kk</i>	<i>kvk</i>
Yfirstjórn	5	5	2	3
Kennarar	61	57,67	17	44
Stundakennarar	2	0,75	1	1
Leiðbeinendur	0	0	0	0
Náms- og starfráðgjafar	2	2		2
Bókasafnsfræðingur	1	1		1
Starfsmaður á bókasafni	1			1
Skrifstofa	2	2		2
Tölvuumsjón	1	0,5	1	
Stuðningsfulltrúar	3	3	1	2
Þjónustuliðar	5	5		5
Mötuneyti	5			5
Umsjón fasteigna	1	1	1	
	89		23	66

Allir kennararnir eru með kennsluréttindi en tveir stundakennarar eru án réttinda. Þá eru allir kennarar, að einum undanskildum, með sérmenntun í sinni kennslugrein (tafla 5).

Tafla 5: Menntun kennara.

Prófgráða	Fjöldi
BA/BS-próf með kennsluréttindi	32
MA/MS/MEd- próf með kennsluréttindi	17
Doktorspróf með kennsluréttindi	1
Önnur menntun með kennsluréttindi	11
Stundakennari án kennsluréttinda	2

Helmingur kennaranna hefur lokið BA/BS prófi í sinni kennslugrein auk þess að afla sér kennsluréttinda á skólastiginu og 27% hafa lokið meistaraprófi.

5.1 Starfsmannavelta


Eins og víða annars staðar dró verulega úr starfsmannaveltu í Flb í kjölfar hrunsins, fór úr 8% árið 2008 í 4,3% árið 2009 og lækkaði enn frekar árið 2010. Árið 2010 jókst starfsmannaveltan aftur umtalsvert og hækkaði enn árið 2012 (tafla 6). Þessi aukning er einkum vegna þess að óvanalega margir hafa farið á eftirlaun síðustu ár. Til dæmis létu þrír af störfum vorið 2012.

⁵⁵ Magnús Þorkelsson. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 20.11.

Tafla 6: Starfsmannavelta í Flensborgarskóla 2008–2012.


	Heildarfjöldi	Hættu	Starfsmannavelta
2008	87	7	8,00%
2009	93	4	4,30%
2010	92	3	3,30%
2011	92	9	9,80%
2012	89	9	10,10%

Fast að þriðjungur kennarahópsins er með 6–10 ára starfsaldur við skólann og 41% með yfir 10 ára starfsaldur (mynd 7).



Mynd 7: Starfsaldur kennara.

Þótt starfsaldur kennara sé almennt ekki hár gildir um hann það sama og almennt um framhaldsskólakennara að hópurinn er orðinn nokkuð fullorðinn (mynd 8).



Mynd 8: Aldur framhaldsskólakennara haust 2011 og kennara í Flensborg haust 2012.⁵⁶

⁵⁶ Upplýsingar um aldur framhaldsskólakennara eru fengnar af vef Hagstofu Íslands en tölur Flensborgarskólans frá skólameistara.

Ef aldur kennara í Flb er borinn saman við aldur allra framhaldsskólakennara haustið 2011 má sjá að línurnar falla vel saman að öðru leyti en því að kennarar skólans eru að jafnaði heldur eldri en kennarar eru almennt í framhaldsskólum landsins. Þriðjungur kennara er á aldrinum 50–59 ára og fimmtungur 60 ára og eldri.

5.2 Forföll og forfallakennsla

Forfallakennsla er einungis veitt ef kennari er veikur um lengri tíma eða ef kennarar semja sín á milli um gagnkvæmar afleysingar. Alls voru forföll kennara 1146 kennslustundir á árinu 2013, 693 á vorönn en 453 á haustönn. Sumir kennarar voru allmikið fjarverandi sökum veikinda eða annarra ástæðna en aðrir nánast aldrei. Forfallakennsla er aðeins veitt þegar um langtímaveikindi ræðir, fjármunir eru ekki til annars. Fjöldi kennslustunda sem nemendur urðu af vegna forfalla kennara á vorönn 2013 voru tæplega 700 (hver kennslustund er klukkustundar löng).

5.3 Móttaka nýliða

Það er markmið skólans að ráða til sín áhugasamt, traust og vel menntað starfsfólk og haga stjórnun og vinnutilhögun þannig að hæfileikar, dugnaður og frumkvæði hvers starfsmanns fái notið sín. Mannauðsstjóri og sviðsstjórar taka á móti nýliðum, kynna þeim störf og starfs-hætti í skólanum og fara yfir nýliðahandbók.⁵⁷ Mannauðsstjóri fundar reglulega með þeim fyrstu vikurnar og fylgir þeim inn í önnina. Einn nýliðanna tók sérstaklega fram hversu vel skólinn hefði stutt hann inn í skólasamfélagið.

Í nýliðahandbók getur nýr starfsmaður lesið sér til um stefnu og áherslur skólans. Fjallað er um starfsaðstöðu, tölvumál, umgengni um kennslustofur og annað húsnæði skólans, félagsmál, skrifstofu, bókasafn og stoðþjónustu. Nýr kennari fær upplýsingar um gott verklag við skólasóknarbókhald.

Auk nýliðahandbókar hefur skólinn gefið út upplýsingar til nýliða um eitt og annað er varðar próf og annarlok.

5.4 Starfsþróun

Í starfsmannastefnu Flb kemur m.a. fram að það er stefna skólans að hvetja til og stuðla að símenntun þannig að starfsfólk geti aflað sér þekkingar til að takast á við sífellt fjölbreyttari og viðameiri verkefni. Skólinn leggur áherslu á að starfsmenn eigi kost á fræðslu og þjálfun sem eykur hæfni og ánægju þeirra í starfi. Markmið slíkrar fræðslu eru tvö:

- Stuðla að því að starfsmenn viðhaldi þekkingu sinni.
- Stuðla að og hvetja til starfsþróunar starfsmanna.

Fræðslu- og starfsþróunaráætlun skólans byggist á niðurstöðum starfsmannasamtala, öðrum þáttum innra mats og stefnu skólans. Fræðsluáætlunin tekur bæði til námskeiða sem starfsmenn sækja utan skólans sem og fræðslu fyrir starfsmenn sem haldin er innan skólans. Markmið fræðsluáætlunar er að undirbyggja starfsþróun starfsmanna. Að sögn mannauðsstjóra hefur skólinn ekki lengur fjármagn til að styrkja fólk á námskeið eða hafa fræðslu á staðnum líkt og áður. Skólameistarar áttu að hafa 500 þúsund krónur á síðasta skólaári en framlagið var fellt niður og kippt fótum undan því að vinna faglega að þessum málum. Eina féð sem skólar geta bent á er að vísa kennurum á að sækja í endurmenntunarsjóð sinn.

Megináhersla í fræðslu- og starfsþróunaráætlun Flb skólaárið 2013–2014 er á námskrárvinnu, þróun speglaðrar kennslu, námsmats og þemabátta HEF, sem að þessu sinni er lífsstíll (forvarnir, jafnrétti, kynhlutverk, kynheilbrigði ásamt vistvænum skóla). Áfram er lögð

⁵⁷ Nýliðahandbók veturinn 2013 til 2014. (2013).

áhersla á að vinna með skólabrag og líðan líkt og gert var á geðræktarári. Leitast er við að nýta smærri fundi til fræðslu og starfsþróunar á hverju sviði fyrir sig. Innihald og framkvæmd er í höndum sviðsstjóra í samráði við kennara á hverju sviði. Ef kostnaður hlýst af fræðslunni þarf að sækja fyrirfram um greiðslu hans til skólameistara.⁵⁸

Kennarar telja að flestir þeirra fylgi stefnu um að nýta 80 stundir á sumri í endurmenntun en kannast hvorki við stefnu skólans um endurmenntun né starfsþróun. Þeir segja skólann halda örnámskeið af ýmsu tagi og fræðslufundi og þá sækja kennarar sér margs konar menntun í háskólana. Kennarar sem rætt var við segja lítið af endurmenntunarnámskeiðum í boði fyrir fagkennara, þá þekkingu þurfi að sækja í háskóla jafnhliða starfi. Framboð námskeiða fyrir ákveðna hópa framhaldsskólakennara telja þeir fremur fátæklegt.

5.5 Mat úttektaraðila

- Kennarar í Flb eru með góða menntun og kenna flestir í sínum sérgreinum.
- Forföll kennara eru nokkuð mikil og leita þarf leiða til þess að bæta nemendum þær kennslustundir sem tapast.
- Nýliðahandbók Flb og móttaka nýliða er til fyrirmyndar.
- Skólinn hefur mótaða endurmenntunar- og starfsþróunarstefnu en kennarar þekkja lítið til hennar.
- Efla þarf umræðu meðal kennara um niðurstöður sjálfsmats og fræðslu- og starfsþróunaráætlanir skólans.
- Kennarar telja að verulega skorti á að þeir eigi kost á endur- og símenntun vegna fjárvöntunar.


⁵⁸ Bryndís Jóna Jónsdóttir. (2013), bls. 7.

6 Stjórnun og rekstur

Í skólanámskrá Flensborgarskólans er skipuleg og greinargóð lýsing á stjórnunarstöðum og þeim hlutverkum sem hverri og einni tilheyrir.⁵⁹ Byrjað er á að segja frá ábyrgð skólameistara á rekstri skólans eins og lýst er í lögum um framhaldsskóla. Þar segir að hann haldi vissum þáttum hjá sér en framselji önnur viðfangsefni til næstu yfirmanna sem bera síðan ábyrgð gagnvart honum um þau mál. Tekið er fram að skólameistari hefur sérstaklega með höndum tölvumál, fjármál, kennsluskiptingu, upphaf og lok skólaárs/annar, skipulagsmál, skóla-setningu, stefnumótun, undirbúning næstu anna, kvartanir, inntöku nemenda, meðferð agabrota og kærumála, samningsgerð við stéttarfélag, viðskiptaaðila og aðra auk ýmissa daglegra starfa.

Ásamt skólameistara sitja fjórir aðrir í yfirstjórn. Það eru aðstoðarskólameistari sem er staðgengill skólameistara. Hann fer sérstaklega með agamál og skólasóknarmál. Áfangastjóri fer með skipulag skólastarfs, námsferla nemenda og gagnaskráningu. Fjármálastjóri sér um fjárhagsbókhald skólans, greiðir reikninga og sér um innheimtu, hefur með áætlanagerð að gera og annast launabókhald skólans ásamt mannauðsstjóra. Mannauðsstjóri fer með ýmis starfsmannamál, s.s. stefnumótun, ráðningar og móttöku nýliða, starfsþróunarmál og umsjón með starfsmannasamtölum. Sérverkefni hans er að stýra verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*.

Í skólanámskrá eru skilgreind fimmtán önnur starfsheiti og þau verksvið sem undir þau falla. Skilgreiningarnar eru knappar en skýrar svo langt sem þær ná og starfsheitin koma öll fyrir í skipuriti Flensborgarskólans sem birt er á fleirum en einum stað á heimasíðu skólans (mynd 9).



Mynd 9: Skipurit Flensborgarskóla.

⁵⁹ Skólanámskrá: námsvísir: almennur hluti. (2013), bls. 16–18.

Skipuritið er í reynd þrískipt. Yfirstjórn og skólanefnd eru á toppnum en önnur starfsemi greinist í þjónustu- og kennslusvið. Sé litið til yfirstjórnar er hún fjölskipaðri en venja er til í framhaldsskólum af svipaðri gerð og stærð. Þar skal sérstaklega nefnt starf mannauðsstjóra en misjafnt er hvort fjármálastjórar og áfangastjórar eiga föst sæti í yfirstjórn skóla eða ekki. Önnur stjórnendastörf eru einnig mörg og í starfsmannaskrá er tæplega fimmtungur starfsmanna með stjórnendaheiti af einhverju tagi. Af þessu leiðir að fundir eru margir (sjá kafla 6.3) og í viðtölum innan skóla kom ýmist fram ánægja með eða efasemdir um skilvirkni kerfisins. Sé litið sérstaklega til kennslusviðs eru skilgreind þar störf sviðsstjóra og fagstjóra.

Hver kennari tilheyrir ákveðnu sviði innan skólans og fyrir hverju sviði fer sviðsstjóri. Um verksvið þeirra segir í skólanámskrá að sviðsstjórar séu næstu yfirmenn kennara, þeir skipuleggi störf valleiðbeinenda, beri ábyrgð á námskrárvinnu, taki þátt í kennsluskiptingu, útvegum kennslugagna eftir því sem við á og sjá um að útbúa áfangaframboð til lengri og skemmri tíma með áfangastjóra. Þeir aðstoða við undirbúning annarbyrjunar og annarloka, útskriftar og einkunnaafhendingar. Sviðsstjóri starfsbrautar er yfirmaður starfsmanna brautarinnar, sér um starfsskipulag, skipar verkefnum í umboði skólameistara og heldur utan um innkaup. Þá taka sviðsstjórar starfsmannasamtöl.

Fagstjórar eru fimm. Þeir sjá um málefni kennara í viðkomandi greinum (íslensku, ensku, íþróttum, stærðfræði og starfsbraut) samkvæmt nánari lýsingum. Þeir eiga að gera tillögur til sviðsstjóra að kennsluskiptingu, gæta að vali á námsefni, gerð bókalista og útvegum kennslugagna, stýra verkum við upphaf annar, s.s. vegna kennsluáætlana, vinna að annarlokum og samræma vinnu við prófagerð, leiðbeina kennurum, samhæfa störf þeirra og hlutast til um samstarf þeirra á milli, halda utan um námskrárumræðu einstakra faga, leiðbeina nýjum kennurum, vera faglegir tenglar faghópa og sviðsstjóra, skipuleggja fagfundir eftir atvikum, taka þátt í sameiginlegum verkefnum annarra verkstjóra o.fl. Um fagstjóra íþróttanna segir að hann sjái um málefni íþróttaaufreks sviðs sem feli í sér samskipti við íþróttafélög og sambönd, utnumhald, skipulag og ýmislegt annað. Fagstjóri á starfsbraut starfar samkvæmt samkomulagi við sviðsstjóra sinn.⁶⁰

Af þessum lýsingum má sjá að dreifstýring er allmikil og þótt ekki liggi fyrir beinar upplýsingar um stjórnunarkostnað er ljóst að hann er hlutfallslega nokkuð hár.

Í sjálfsmatsskýrslu 2011–2012 er vitnað til árlegrar könnunar Capacent Gallup um stofnun ársins 2011 og teknar út niðurstöður um Flensborgarskólann. Sams konar könnun var gerð á vorönn 2013 þegar sendir voru út 85 spurningalistar, 45 svöruðu eða 52,9%. Um niðurstöðurnar 2011 segir í nefndri sjálfsmatsskýrslu (bætt er við í hornklofum samsvarandi tölum fyrir árið 2013):

Lagt var mat á átta þætti könnunarinnar, trúverðugleika stjórnenda (3,66/3,77), starfsanda (4,06 [4,19]), launakjör (2,25 [2,12]), vinnuskilyrði (3,88 [3,72]), sveigjanleika vinnu (3,72 [3,45]), sjálfstæði í starfi (4,31 [4,30]), ímynd stofnunar (4,10 [4,09]) og ánægju og stolt (4,17 [4,02]).

Af þessum þáttum kemur skólinn áberandi illa út úr viðhorfi starfsmanna til launakjara og hvað varðar vinnuskilyrði þá sker einn undirþáttur sig mjög úr en það er ánægja með tölvu- og tækjabúnað (2,76). Í frekari greiningu á þættinum trúverðugleiki stjórnenda kemur í ljós að það er helst skortur á hrósi frá stjórnendum og spurning um hvort næsti yfirmaður bæti starfsaðstæður þegar þörf er á eru undir meðaltali allra stofnana. Spurningar sem snúa að trausti á stjórnendum og hvort vinnustaðnum sé vel stjórnað eru hins vegar vel yfir meðaltali.

Greining á þættinum sveigjanleiki í vinnu sýnir að starfsmenn telja sig eiga erfitt með að skreppa frá til að sinna persónulegum erindum, s.s. lækneisheimsóknum í vinnutímanum og eiga erfitt með að taka frí þegar hentar. Starfsmenn eru aftur á móti ánægðir með þann sveigjanleika sem þeir hafa í vinnunni innan skólans.⁶¹

⁶⁰ *Skólanámskrá: námsvísir: almennur hluti.* (2013), bls. 17–18.

⁶¹ Einar Birgir Steinþórsson og Unnar Örn Þorsteinsson. (2012), bls. 26

Af tölunum má sjá að lítið breyttist á milli árána 2011 og 2013. Trúverðugleiki stjórnenda og starfsandi fær lítilla betri umsögn seinna árið, einkunn fyrir sveigjanleika vinnunnar lækkar allmikið (um 0,27) en nokkru minna fyrir vinnuskilyrði. Sé lítið til meðaltals framhaldsskóla og háskóla árið 2013 er Flensborgarskólinn yfirleitt nálægt meðaltali í fyrrnefndum þáttum nema hvað varðar launakjör og sveigjanleika í vinnu. Þar er hann 0,48 og 0,47 undir, talið í sömu röð. Þegar lítið er til mestu frávíka sé borið saman við allar stofnanir með 50–99 starfsmenn sést að sveigjanleiki vinnutíma viku mest frá meðaltalinu í átt að lægri enda skalans en jákvæð umræða um skólann og traust í garð stjórnenda lengst frá meðaltalinu í efri endann. Margt fleira fróðlegt kemur fram í gögnum, m.a. það að af öllum 153 stofnunum sem könnunin náði til árið 2013 varð Flensborgarskólinn í hundraðasta sæti.⁶²

Að fengnum þessum upplýsingum er fróðlegt að bera grunnröðun kennara í Flb saman við röðun annarra framhaldsskólakennara í landinu eftir skólum. Þá kemur í ljós að grunnlaun kennara með fagpróf (BA/BS) og fimm ára kennslureynslu eru þar hin sjöttu hæstu í landinu og áttundu hæstu sé lítið til meistaraþrófs og sömu reynslu. Sé lítið til grunnröðunar þeirra sem hafa fimmtán ára kennslureynslu hækkar skólinn í þriðja og fimmta sæti í sömu röð.⁶³ Skólameistari andæfir þessum tölum og segir að í gögnum sem send voru trúnaðarmönnum kennara, frá KÍ, hafi komið út þveröfug mynd þar sem skólinn sé talinn með þeim er einna lægst greiði launin. Hann metur það sem svo að það fari ekki allir eftir stofnanasamningum.⁶⁴

6.1 Skólanefnd

Skólanefnd er skipuð samkvæmt lögum og fundar um það bil einu sinni í mánuði tíu mánuði ársins.⁶⁵ Núverandi skólanefnd var skipuð síðla árs 2012. Hún er skipuð fimm aðalmönnum auk þriggja áheyrnarfulltrúa frá starfsmönnum, nemendum og foreldrum. Skólameistari situr fundi nefndarinnar í krafti embættis síns og aðstoðarskólameistari er ritari nefndarinnar.⁶⁶

Fundargerðir nefndarinnar eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans en þær eru kynntar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar og sendar ráðherra.

Að sögn formanns skólanefndar hefur bág fjárhagsstaða skólans talsvert verið til umræðu á fundum nefndarinnar og hann segist sammála þeirri ákvörðun að leggja fjölmiðlanámið af sem lið í að bæta hana. Að hans mati felast sóknarfæri í auknu samstarfi framhaldsskólanna tveggja í bænum og þar megi hugsa sér að fræðslufirvöld taki frumkvæði. Þá telur hann rétt að setja kraft í fjárnám og þróun þess á vegum skólans.

6.2 Skólaráð

Skólaráð Flb er skólameistara til samráðs og ráðgjafar við stjórn skólans, einkum þau er snerta samskipti nemenda og yfirstjórnar. Það fundar að jafnaði einu sinni í viku. Í því sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, tveir fulltrúar kennara og tveir fulltrúar nemenda.⁶⁷

Fundargerðir skólaráðs eru ekki birtar opinberlega.

⁶² *Stofnun ársins 2013*. [2013]; *Stofnun ársins: ítarleg greining: Flensborgarskóli*. 2013.

⁶³ Byggt á gögnum frá Félagi framhaldsskólakennara, dags. 3.4.2013.

⁶⁴ Magnús Þorkelsson. [2014]. Bréf til úttektaðila, dags. 16.5.

⁶⁵ *Ársskýrsla 2012*. [2013], bls. 14.

⁶⁶ *Skólanefnd Flensborgarskólans*. [Án árs].

⁶⁷ *Ársskýrsla 2012*. [2013], bls. 14; *Skólaráð*. [Án árs].

6.3 Starfsmannafundir

Fundahöld eru mikil í Flensborgarskólanum. Í sjálfsmatsskýrslu 2012 eru taldir eftirfarandi fundir: Yfirstjórn skólans fundar að jafnaði tvisvar í viku; sviðsstjórafundir eru einu sinni í viku (skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, mannauðsstjóri, sviðsstjórar félags-, mála- og raungreinasviðs og starfsbrautar og námsráðgjafi); skólaráðsfundir eru vikulega á kennslutíma (skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, tveir fulltrúar kennara og tveir fulltrúar nemenda); skólanefndarfundir eru að jafnaði einu sinni í mánuði; skólafundir eru a.m.k. tvisvar á önn og almennir kennarafundir a.m.k. tveir; kennarar hittast a.m.k. vikulega innan einstakra kennslusviða eða á fagfundum; skólameistari fundar að jafnaði tvisvar á önn með starfsmönnum bókasafns, þjónustuliðum og starfsmönnum í eldhúsi; sérstakur mætingahópur fundar aðra hverja viku eða oftár á kennslutíma (mætingastjóri, aðstoðarskólameistari og námsráðgjafar); skólameistari og aðstoðarskólameistari funda vikulega með námsráðgjöfum; skólameistari og aðstoðarskólameistari funda vikulega með starfsmönnum í afgreiðslu á skrifstofu; stýrihópur um *Heilsueflandi framhaldsskóla* fundar a.m.k. vikulega. Auk þessa funda nemendaverndarráð, öryggisnefnd, jafnréttisnefnd og samstarfsnefndir reglulega á starfstíma skólans. Félagslífsfulltrúar stýra námskeiði í leiðtogaþjálfun sem er jafnframt samstarfsvettvangur þeirra og stjórnar NFF (tekið upp á haustönn 2013).⁶⁸

6.4 Rekstur skólans

Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um rekstrarstöðu og reiknilíkan framhaldsskóla segir að rekstrarvanda framhaldsskólanna megi einkum rekja til þess að árleg framlög ríkissjóðs hafa dregist saman undanfarin ár vegna minnkandi tekna ríkissjóðs. Umfang skólastarfs eða áherslur hafa hins vegar ekki breyst til samræmis. Frá 2008–2012 rýrnuðu framlög til framhaldsskóla að meðaltali um 12,7%. Þó að útgjöld skólanna hafi einnig lækkað verulega dugir það ekki til að mæta þessu.⁶⁹

Flensborgarskólinn hefur lengi glímt við rekstrarerfiðleika sem illa hefur gengið að vinna bug á og samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar var halli á rekstri hans árið 2013 einna mestur meðal framhaldsskóla á landinu. Um rekstrarvanda skólans er fjallað í sjálfsmatsskýrslu 2011–2012 sem þáverandi skólameistari var annar aðalhöfunda að. Þar eru nefnd eftirfarandi atriði til skýringar á hallarekstrinum 2011:

- Kjarasamningsbundnar hækkanir um vorið virtust auka hallann, útlagður kostnaður vegna þeirra reyndist meiri en þær uppbætur sem greiddar voru á móti.
- Meðalaldur kennara er hár og stór hluti kennarahópsins 55 ára og eldri. Rúmlega fjórðungur kennslunnar var í höndum kennara sem njóta fimm tíma kennsluafsláttar. Alls nam kennsluafsláttur kennara skólans fjórum stöðugildum sem er sami fjöldi stöðugilda og fer í stjórnun skólans.
- Mikil langtímaveikindi starfsmanna höfðu verulega neikvæð áhrif á rekstrarstöðuna umfram það sem áætlanir gerðu ráð fyrir.
- Rekstur starfsbrautar kom verr út en áætlað var. Það var m.a. vegna ófyrirséðs brottfalls nemenda sem hafði áhrif á rekstrarframlög vegna brautarinnar.
- Kostnaður við þróun og innleiðingu verkefnisins Heilsueflandi framhaldsskóli er mun meiri en áætlað var og styrkir til þróunar verkefnisins minni.
- Hækkanir á vörum, orku og aðkeyptri þjónustu voru töluvert umfram það sem áætlað var.

⁶⁸ Einar Birgir Steinþórsson og Unnar Örn Þorsteinsson. (2012), bls. 14–15.

⁶⁹ *Rekstrarstaða og reiknilíkan framhaldsskóla*. (2014), bls. 3.

Þá segir að við uppgjör ársins 2011 hafi skólinn fengið felldan niður stóran hluta af uppsöfnuðum rekstrarhalla en eftir standi rétt rúm 4% af fjárframlögum.⁷⁰ Svipað er uppi á teningnum í ársskýrslu 2012. Þar er enn talað um mikinn halla á starfsbraut og kostnað vegna langtímaveikinda starfsmanna auk smærri atriða. Niðurstaða skólameistara það ár var skýr: „Miðað við núverandi stöðu og fjárframlög virðist með öllu óraunhæft að reksturinn geti gengið upp.“⁷¹

Undir þetta tekur fjármálastjóri sem segir rekstaráætlun ársins 2013 alls ekki hafa gengið upp og verulega bæst við skuldahalann. Til viðbótar þessu benda skólastjórnendur Flb á þá alvarlegu staðreynd að í reiknilíkaninu sem lagt er til grundvallar við ákvörðun fjárveitinga er gengið út frá greiðslum fyrir þreyttar námseiningar, þ.e. einungis eru þeir nemendur taldir sem þreyta próf á hverju námsmisseri. Algengt er að nemendur sitji námsáfangi en taki ekki lokapróf. Skólinn hefur þá haft kostnað af nemandanum sem ekki er metinn í reiknilíkani framhaldsskóla og ekki hefur verið bættur.

Á þessu var unnin mikil bragarbót á haustönn 2013 auk þess sem skólinn tók þátt í sérstökum brottfallsverkefnum með mennta- og menningarmálaráðuneytinu á sömu önn. Að sögn skólameistara er markvisst unnið að því að ná tökum á rekstrarvandanum. Nám í fjölmiðlun var lagt niður í sparnaðarskygni um síðustu áramót og ákveðið hefur verið að leggja niður kennslu í matreiðslu og kennara þar sagt upp en óvíst um framtíð myndmenntar þegar kennari þar fer á eftirlaun á árinu 2014. Talsverður árangur hefur náðst í sparnaði við þappírskaup og markmið um lækkingu raforðakostnaðar um 5% hafa gengið eftir.

6.5 Mat úttektaraðila

- Flensborgarskóli hefur lýðræðislega stjórnunaruppbyggingu og þess er gætt að allir hagsmunaaðilar eða fulltrúar þeirra hafi tækifæri til að koma að ákvörðunum.
- Stjórnunarstöðum og hlutverkum stjórnenda er skipulega lýst í skólanámskrá.
- Yfirstjórn Flb er fjölmennari en almennt gerist í framhaldsskólum af svipaðri stærð og gerð.
- Önnur stjórnunarstörf eru einnig mörg og ætla má að stjórnunarkostnaður í skólanum sé óþarflega hár.
- Mikill tími fer í alls konar stjórnenda- og starfsmannafundi.
- Eðlilegt er að birta fundargerðir skólanefndar á heimasíðu skólans.
- Unnið er að því að ná tökum á viðvarandi hallarekstri skólans og nauðsynlegt er að ná honum í jafnvægi.

⁷⁰ Einar Birgir Steinþórsson og Unnar Örn Þorsteinsson. (2012), bls. 20–21.

⁷¹ *Ársskýrsla 2012*. (2013), bls. 12.

7 Skólabragur og samskipti

Að sögn nemenda líður þeim vel í skólanum. Þeir eru mjög ánægðir með veru sína þar og segjast stoltir af því að vera Flensborgarar. Þótt Flb sé eins konar héraðsskóli Hafnarfjarðar þá segjast þeir ekki sjá annað en að nemendur úr öðrum sveitarfélögum þrífist vel í Flensborg. Nemendur úr bænum sem fara í aðra framhaldsskóla koma gjarnan aftur heim og hefja nám í Flensborg.

Í sjálfsmatsskýrslu Flb 2011–2012 staðfestist þetta viðhorf hjá útskriftarnemendum sem telja ímynd skólans góða og að hann veiti þeim góðan undirbúning. Starfsmenn virðast sömu skoðunar og eru almennt ánægðir í starfi, líður vel og telja starfsandann góðan. Kennarar virðast almennt bera umhyggju gagnvart nemendum og samskipti milli stjórnenda, kennara og nemenda eru opin enda áhersla lögð á að skólinn sé fyrir alla.⁷²

Í ársskýrslu Flb 2012 kemur fram að skólinn leggur áherslu á að vinna með starfsaðstæður og starfsanda innan skólans sem sé mikilvægt fyrir farsælt skólastarf. Í því sambandi nýtir skólinn sér reglulega niðurstöður úr könnunum sem gerðar eru, m.a. af Capacent í tengslum við verkefnið *Stofnun ársins*, sem veitt hafa upplýsingar um þætti sem ástæða er til að vinna sérstaklega með. Að auki hafa eftirtaldar aðgerðir af hálfu skólans orðið til að hlúa að jákvæðum skólabrag:

- Allir starfsmenn fara árlega í starfsmannasamtöl en mannauðsstjóri sér um skipulag og úrvinnslu samtala. Samtöl eru framkvæmd af millistjórnendum (sviðsstjórum) og skólameistara. Starfsmannasamtölin eru mikilvægur þáttur í þróun mannauðs og sjálfsmatsferli skólans.
- Til að efla boðskipti, opna og efla stjórnsýslu skólans var þróaður nýr innri vefur (sharepoint) á árinu 2011 og hefur hann síðan verið innleiddur fyrir alla starfsmenn á árinu 2012. Þessi nýi vefur er öflugt samskipta, skráninga og gagnageymslakerfi í rafrænu formi.
- Stjórnendur reyna að vera sýnilegir starfsmönnum í frímínútum og matarhléum og taka þátt í daglegum umræðum starfsmanna.
- Lögð er áhersla á sveigjanleika til að auðvelda starfsmönnum að samræma starf sitt og fjölskyldulíf.
- Mannauðsstjóri skipuleggur uppákomur og fyrirlestra sem miða að því að efla samheldni og einingu starfsmannahópsins.
- Mannauðsstjóri fylgist með líðan starfsmanna og stýrir inngrípi ef þarf.⁷³

7.1 Kór Flensborgarskólans

Eitt helsta stolt Flensborgarskólans og hluti skólabrags er kór hans. Hann hefur starfað um langt skeið og er ómissandi þáttur í menningarlegu umhverfi skólans. Kórinn kemur fram við öll helstu tækifæri en er þó fyrst og fremst á eigin forsendum þar sem hann skipuleggur starf sitt, dagskrá og tónleikahald að eigin frumkvæði og vilja. Rétt um 10% nemenda eru virkir þátttakendur í starfi kórsins og er vinna þeirra þar metin til þriggja námseininga á önn. Skólinn hefur haft frumkvæði að því að semja námskrá um kórstarf í framhaldsskólum.

7.2 Heilsueflandi framhaldsskóli

Heilsueflandi framhaldsskóli er yfirhugtak í skólanum (sjá fylgiskjal 2). Flensborgarskólinn í var árið 2010 fyrsti framhaldsskólinn til að innleiða verkefnið í starf sitt og er það þegar orðið hluti af skólamenningunni. Það snýst um heildræna stefnu í forvarnar- og heilsueflingarmálum og hefur áhrif á allt starf innan skólans, nemendur og starfsmenn. Það

⁷² Einar Birgir Steinþórsson og Unnar Örn Þorsteinsson. (2012).

⁷³ *Ársskýrsla 2012*. (2013), bls. 11.

felur í sjálfu sér ekki í sér miklar breytingar á daglegum störfum þar sem markmiðið er fremur breyting á hugarfari og vinnustaðamenningu.

Heilsueflandi framhaldsskóli er sameiginlegt verkefni skólasamfélagsins í heild. Helstu markmið þess eru að:

- Hvetja til aukinnar hreyfingar meðal starfsmanna og nemenda skólans og efla meðvitund um gildi hreyfingar fyrir andlega og líkamlega heilsu.
- Skólastarfið taki mið af því að hlúð sé að andlegri heilsu nemenda og starfsmanna skólans og að allir leggi sitt af mörkum til að efla góðan starfsanda í skólanum.
- Stuðla að aukinni neyslu á hollum mat og auknum skilningi á mikilvægi þess að nemendur og starfsmenn tileinki sér hollar matarvenjur.
- Miðla upplýsingum um skaðsemi áfengis, tóbaks og annarra vímuefna til nemenda og starfsmanna ásamt því að gera upplýsingum um hvaða leiðir eru færar ef fólk vill hætta notkun þess.
- Tryggja öryggi í skólahúsnæðinu og að öryggisáætlun skólans sé framfylgt.⁷⁴

Það er stefna skólans að tryggja eins góða og heilsusamlega vinnuaðstöðu og unnt er, jafnframt því sem nemendur og starfsmenn eru hvattir til virkrar þátttöku og aukinnar meðvitundar um gildi bættrar heilsu og líðan. Grunnhugmyndafræði HEF er sú að hún smjúgi alls staðar inn, sé eflandi og hvetjandi og hafi mikið forvarnargildi í för með sér. Verkefnið fellur vel að grunnþáttum menntunar sem tilgreindir eru í aðalnámskrá.

Í sjálfsmatsskýrslu 2011–2012 kemur fram bæði hjá starfsmönnum og nemendum það álit að forysta Flensborgarskólans við þróun og innleiðingu verkefnisins *Heilsueflandi framhaldsskóli* hafi styrkt skólann og haft jákvæð áhrif á ímynd og innra starf skólans. Verkefnið tengist vel við flest markmið skólans og því er lögð áhersla á að halda áfram á sömu braut. Í skýrslunni segir að í þeirri vinnu, sem framundan er, verði lögð áhersla á enn virkari þátttöku nemenda. Það verði gert með aukinni samvinnu við aðalstjórn og nefndir nemendafélagsins og tengingu viðburða þess við markmið verkefnisins.

7.3 Mat úttektaraðila

- Nemendum þykir vænt um skólann sinn og eru stoltir af honum.
- Skólameistari og aðrir stjórnendur eru sýnilegir og láta sig varða samskipti við nemendur og kennara.
- Samskipti allra hlutaðeigandi aðila innan skóla eru góð og boðleiðir stuttar.
- Skólinn nýtur góðs álits og trausts í nærsamfélaginu.
- Kór skólans er burðarás í félagslífi hans og á mikinn þátt í að efla sjálfsmyndina inn á við sem út á við.
- Vel hefur tekist til með verkefnið *Heilsueflandi framhaldsskóli*. Það er orðið samgróið daglegu skólahaldi í Flb og hluti af staðblæ. Það hefur bein áhrif á markmiðssetningu í skólanámskrá og tengir skóla og nærumhverfi sterkum böndum.

⁷⁴ Heilsustefna Flensborgarskólans. (2014).

8 Innra mat

Sjálfsmatshópur hefur starfað í Flensborgarskólanum frá árinu 1998 og á heimasíðu hans eru birtar sjálfsmatsskýrslur frá skólaárinu 2001–2002, sú yngsta fyrir skólaárið 2012–2013. Sjálfsmatshópurinn leiddi áður Unnar Örn Þorsteinsson kennari en mannauðsstjóri hefur tekið við því starfi. Ekki kemur fram hverjir aðrir eru í hópnum en á haustmisseri 2012 skipuðu hann sjö stjórnendur auk Unnars.⁷⁵ Á heimasíðu Flb segir að tilgangur sjálfsmatsins sé „að leita leiða til að vita hvernig unnið er í skólanum, greina það sem vel er gert og tryggja framhald þess og þróun. Einnig er tilgangurinn að finna það sem betur má fara og leita úrbóta. ... Megintilgangur matsins er að leggja grunn að sívirku umbótastarfi sem á að bæta námsumhverfi, líðan og árangur nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans.“⁷⁶

Fremst í sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2012–2013 er sjálfsmatsáætlun fyrir næsta (núverandi) skólaár en að öðru leyti er hún yfirlit yfir það hvað var kannað og hvernig það var gert á því skólaári sem hún tekur til. Hins vegar eru ekki neinar beinar niðurstöður og því verður ekki á henni byggt um raunveruleg viðhorf og væntingar, hvorki nemenda né starfsmanna. Í niðurstöðukafla draga höfundar skýrslunnar saman þræði og álykta:

Þær niðurstöður sem fást úr þessum úttektum öllum saman eru mjög mikilvægar og ljóst að fram koma margar tillögur sem bæði eru jákvætt innlegg í umræðuna og vegvísar fyrir stjórnendur skólans. Oddviti NFF hefur lýst því í fjölmiðlum að nemendur skólans telji á sig hlustað. Veikasti hlekkurinn kann að vera sá að ekki sé nóg gert til að kynna niðurstöðurnar og afleiðingar þeirra. Hins vegar er það mikilvægt að allir sem koma að skólanum finni að raddir þeirra eiga farveg og að lausna sé leitað. Margt er til bóta í starfinu þó sumt sé illmælanlegt. Andinn í skólanum er góður og tala gestir og gangandi mjög um það. Ytri rannsóknir s.s. frá Rannsóknum og greiningu gefa til kynna að ýmis efnamisnotkun, áfengisneysla o.fl. minnkar hratt. Þá sjáum við út um glugga okkar að reykingafólki fækkar umhverfis skólann. ... Við finnum á stoðþjónustu skólans að það er þungt í ári hjá mörgum, kvíði, þunglyndi o.fl. Því er það höfuðáhersla skólastjórnenda að hlúa að hópnum og reyna að verja allt það sem styður við gott starf og nám. Í þeim verkefnum eru sjálfsmatsgögnin ómetanleg.⁷⁷

Í þessum orðum felast ýmsar vísbendingar um hverju hefur miðað áfram, hvað mögulega stendur í stað eða jafnvel aftur á bak. Skýrslan er sögð beint framhald af ábendingum sem fram komu í sjálfsmati skólaárið áður þegar framsetning niðurstaðna var til muna ítarlegri. Til dæmis voru þá birtar tölulegar niðurstöður áfangakannana og könnunar um jafnrétti og ályktað út frá þeim. Til þeirra hefur þegar verið vísað frammar í þessari matsskýrslu. Um önnur atriði var aðeins ályktað án þess að tölur að baki komi fram og í lokin er kafli sem segir til um aðgerðir sem gripið var til eða fyrirhugað var að grípa til á grundvelli sjálfsmatsins. Að því leyti var það árangursmiðað þótt ábyrgðaraðilar fyrir hverju verki séu að jafnaði ekki tilgreindir. Vert er að tína til nokkur efnisatriði úr þessari sjálfsmatsskýrslu um skólaárið 2012–2013:

- Töluverður hluti tölvukosts og skjávarpa er „mjög gamall og þarfnast endurnýjunar“ (bls. 13).
- Tækjakostur í efnafræði og líffræði er viðunandi en talsvert vantar upp á búnað til eðlisfræðikennslu (bls. 13).
- Öll markmið varðandi verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli náðust á árinu (bls. 18).
- Mikill árangur hefur náðst í forvörnum (bls. 19).

⁷⁵ Unnar Örn Þorsteinsson og Magnús Þorkelsson. (2013). *Sjálfsmat skólaárið 2012–2013*.

⁷⁶ *Sjálfsmat í Flensborgarskólanum*. [Án árs].

⁷⁷ Unnar Örn Þorsteinsson og Magnús Þorkelsson. (2013), bls. 11.

- Útskriftarnemar vorið 2012 voru „sáttir við þá menntun, aðstöðu til náms og félagslífs“ sem þeir fengu í skólanum (bls. 24).
- Kennarar hafa vaxandi áhyggjur af slakri námsástundun og verkefnaskilum (bls. 27).
- Náms hópar eru of fjölmennir að mati kennara sem leiðir til minni þjónustu og lakari námsárangurs (bls. 27).

Að sögn skólameistara er nú unnið að endurskoðun á innra mati skólans frá grunni.

8.1 Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl skipa mikilvægan sess í sjálfsmati skólans. Markmið starfsmannasamtala er að stuðla að starfsþróun og starfsánægju, ræða líðan og framgöngu í starfi og gefa aðilum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Í sjálfsmatskýrslu Flb 2012–2013 er yfirlit um starfsmannasamtöl frá því vorið 2011. Þá voru allir starfsmenn skólans kallaðir í starfsmannasamtöl sem sviðsstjórar sáu um ásamt öðrum yfirmönnum. Hver starfsmaður fékk í hendur samantekt af sínu samtali og báðir aðilar undirrituðu. Að loknum samtölum var gerð skýrsla á hverju sviði fyrir sig og fengu skólameistari og mannauðsstjóri eintök af þeim. Á grundvelli þeirra skýrslna var fræðsluáætlun næsta skólaárs byggð.⁷⁸

Í samtölunum er sjónum beint að mismunandi þáttum í skólastarfinu hvert ár. Skólaárið 2012–2013 voru kennsla og kennsluáðferðir í brennipunkti ásamt stjórnun og líðan. Á vorönn 2013 var áhersla á dagleg verkefni og ábyrgðarsvið, símenntun og fræðslu ásamt líðan í starfi. Notaður var ákveðinn viðtalsrammi. Leitað var eftir því sem vel hefur gengið og því sem betur má fara.⁷⁹ Í sjálfsmatsáætlun fyrir vorönn 2014 er gert ráð fyrir starfsmannasamtölum í febrúar til apríl en ekkert er sagt um sérstakar áherslur í það sinn.⁸⁰

Heildarniðurstöður úr starfsmannasamtölum eru teknar saman í skýrslu og út frá þeim er mótuð fræðslu- og starfsþróunaráætlun næsta skólaárs.

8.2 Mat úttektaraðila

- Sjálfsmatsáætlun Flb liggur fyrir og ákveðnir þættir í starfseminni eru kannaðir með reglubundnum hætti.
- Niðurstöður úr sjálfsmati eru ekki settar nægilega skýrt fram.
- Tilgreina þarf ábyrgðaraðila fyrir aðgerðum sem lagt er til að gripið sé til að loknu sjálfsmati hvert ár.
- Kerfisbundið þarf að meta árangurinn af sjálfsmati og aðgerðum undangenginna ára.
- Kerfisbundið er staðið að starfsmannasamtölum.

⁷⁸ Sama heimild, bls. 6.

⁷⁹ Sama heimild, bls. 8.

⁸⁰ Sama heimild, bls. 4.

9 Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Foreldraráð starfar við Flensborgarskólann samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Það hefur sett sér lög þar sem segir að markmið félagsins séu að:

- Efla samstarf milli foreldra og skólans um málefni sem varða velferð, menntun og þroska nemenda.
- Vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra og forráðamanna og veita stjórn skólans og starfsliði aðhald.
- Gæta að hagsmunamálum nemenda skólans.
- Efla samráð og samstarf milli foreldra og við foreldra.
- Vera bakhjarl skólans og stuðla að bættem hag hans.
- Miðla upplýsingum um skólastarf við Flensborgarskólann til foreldra og forráðamanna unglunga sem þar stunda nám.⁸¹

Í lögnum segir að stjórnarmenn skuli vera sex, kjörnir til tveggja ára í senn úr hópi félagsmanna sem eru foreldrar og forráðamenn nemenda. Á heimasíðu skólans eru birt nöfn stjórnarmanna skólaárið 2012–2013 en yngsta fundargerðin þar er frá hausti 2010. Annars staðar á síðunni er sérstök foreldrahandbók til þess að auðvelda forráðamönnum að afla sér upplýsinga um skólastarfið.⁸² Formaður ráðsins situr skólanefndarfundi. Sökum anna hefur hann ekki getað sótt fundi nefndarinnar og enginn varamaður kjörinn sem er slæmt við slíkar aðstæður.

Alla jafna er kosið í stjórn foreldraráðs í október. Það boðar til aðalfundar þar sem áhugasamir geta boðið sig fram til starfa. Að sögn formanns ráðsins hefur ekki gengið vel að fá foreldra til verka og starfsemin lá að miklu leyti niðri á haustönn 2013 en stefnt er að því að rífa hana upp aftur. Markmið ráðsins er að bæta samskipti foreldra og skóla.

Starfsemin er í nokkuð föstum skorðum. Hún felst í fræðslu til foreldra í formi fyrirlestra tvisvar á ári. Skólinn heldur fjölsóttu kynningarfundum fyrir nýnema sem foreldraráðið er aðili að og greiðir veitingar. Foreldrar geta stutt ráðið með fjárframlagi upp á 950 krónur á ári sem er notað til greiða fyrir fyrirlestra og kaffiveitingar. Jafnframt hefur ráðið stutt þá nemendur fjárhagslega sem ekki hafa ráð á námsbókakaupum. Umræða hefur verið um hvort það sé eðlilegt hlutverk ráðsins og ákveðið hefur verið að hætta því. Þess í stað hefur ráðið leitað styrkja hjá bóksölum til að aðstoða nemendur við námsbókakaup. Nemendur sem eiga í fjárhagsörðugleikum leita gjarnan til námsráðgjafa sem gera foreldraráði viðvart.

Bein upplýsingagjöf skólans til foreldraráðs er ekki mikil að mati formanns þess, s.s. um skólasamning við ráðuneyti eða um breytingar á notkun skófatnaðar innan veggja skólans. Skólanámskrá hefur ekki verið til umfjöllunar í ráðinu, niðurstöður innra mats hafa ekki verið kynntar eða ræddar þar og stjórn ráðsins vissi ekki um nýafstaðinn niðurskurð á fjölmiðladeildinni. Þá hefur engin samræða verið við foreldra um rekstrarvanda skólans og mannaskipti í yfirstjórn.

9.1 Ytri tengsl

Í ársskýrslu 2012 er greint frá samstarfi við ýmsa aðila í nærsamfélaginu í Hafnarfirði. Þeir liðir lúta allir að skólamálum á einn eða annan hátt, s.s. um forvarnir, samstarf við íþróttafélögin og skólaskrifstofu bæjarins.⁸³ Í skólanámskrá og á heimasíðu segir einnig frá nokkrum samsstarfsverkefnum við aðra skóla. Sem dæmi eru tilgreind samskiptaverkefni við Tornbjerg Gymnasium í Óðinsvéum og Falkonergårdens Gymnasium í Kaupmannahöfn. Sagt er að fleiri alþjóðleg verkefni hafi áður verið í gangi. Loks segir í námskránni að náðið

⁸¹ *Lög foreldraráðs Flensborgarskólans*. [Án árs].

⁸² *Foreldrahandbók Flensborgarskólans*. [Án árs].

⁸³ *Ársskýrsla 2012*. (2013), bls. 12–13.

samstarf sé við nágrannaskóla og aðila í nærumhverfi, s.s. Gamla bókasafnið, Rauða krossinn og nefnt er Mentorverkefnið Vinátta.⁸⁴

9.2 Mat úttektaraðila

- Þátttaka foreldra í starfi foreldraráðs er lítil. Það er ekki sérkenni við þennan skóla.
- Upplýsingagjöf skólayfirvalda til foreldraráðs þarf að bæta og efla þarf ráðið sem samráðsvettvang um skólareglur, skólanámskrá og skipulagsbreytingar.
- Foreldraráð þarf að funda reglulega með fulltrúum sínum í ráðum og stjórnnum skólans um helstu umfjöllunarefni og viðfangsefni á þeim vettvangi sem þeim er trúað fyrir.
- Birta þarf fundargerðir foreldraráðs með skipulegum hætti.

⁸⁴ *Skólanámskrá: námsvísir: almennur hluti.* (2013), bls. 22.

10 Niðurstöður

Flensborgarskólinn á sér langa sögu sem er órjúfanlega tengd uppbyggingu og þróun íslensks skólakerfis. Hann var stofnaður sem barnaskóli árið 1877 en var breytt í alþýðu- og gagnfræðaskóla fimm árum síðar. Þar fór fram fyrsta formlega kennaranámið í landinu og forystumenn skólans voru alhliða frumkvöðlar í menntamálum. Einni öld síðar var skólanum breytt í fjölbrautaskóla og hann varð einn af frumkvöðlaskólum fjölbrautakerfisins. Fyrstu stúdentarnir brautskráðust árið 1975. Skólinn starfar samkvæmt áfangakerfi og er nánast hreinn bóknámsskóli.

Húsnæði skólans er byggt á löngum tíma. Það er mishentugt, m.a. vegna langra gönguleiða og þess að hæðarmunur er víða á milli gólfa, en fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram. Bókasafn hefur starfað samfelld frá 1970. Það er búið miklum bókakosti, er til þess að gera miðlægt og virðist þjóna þörfum skólans vel. Hlutverk þess er að veita alhliða aðstoð við upplýsingaöflun, stuðla að upplýsingalæsi nemenda og sjálfstæðum vinnubrögðum þeirra í leit og úrvinnslu heimilda. Í skólanum er þráðlaust netkerfi og allar kennslustofur eru búnar tölvu og skjávarpa. Sammæli flestra viðmælenda er að tölvubúnaður skólans sé á marga lund úreltur, netþjónar óstöðugir, kerfið hægfara og netsamband ekki nægilega gott.

Skólinn er fjölmennur vinnustaður með 89 starfsmenn sem skiptast á tæp 78 stöðugildi. Karlar eru fjórðungur starfsmanna og konur þrír fjórðu. Kennarar eru með góða menntun og kenna flestir í sínum sérgreinum. Mannauðsstjóri tekur saman meginniðurstöður úr starfsmannasamtölum sem lið í innra mati og á grundvelli þeirra er mótuð og birt starfsþróunaráætlun. Aðspurðir virðast kennarar ekki þekkja til hennar og mikilvægt er að stjórnendur ígrundi vel hvort hún sé dautt plagg í hugum þeirra og hvað gera megi til að bæta þar úr. Sjálfsgagt er fyrir skólann að gera mat á framkvæmd starfsþróunaráætlunarinnar.

Skólinn tekur vel á móti nýliðum í kennarahópinn sem er vissulega hluti af mikilvægri starfsþróun. Nýliðar fá í hendur vel útfærða nýliðahandbók með upplýsingum um ýmislegt sem nauðsynlegt er fyrir þá að hafa aðgang að þegar þeir mæta til starfa. Auk þess fundar mannauðsstjóri með þeim fyrstu vikurnar og tryggir að spurningum þeirra sé svarað svo þeir geti gengið fullir öryggis til kennslu sinnar.

Nokkrar sveiflur hafa verið í nemendafjölda á liðnum árum. Á haustönn 2013 voru 812 nemendur skráðir í skólann og þá vantaði allnokkur nemendaígildi upp á að hann teldist fullsetinn. Um 90% nemenda koma úr Hafnarfirði en 50–60% 10. bekkjar nema úr grunnskólum bæjarins sækja um nám í Flensborg. Drengir eru heldur fleiri en stúlkur sem stingur almennt í stúf við aðsókn kynjanna í framhaldsskólanám þar sem stúlkur eru hlutfallslega nokkru fleiri. Góð aðsókn drengja í skólann skýrist að miklu leyti af íþróttafreksbraut sem þeir sækja frekar en stúlkur.

Skólinn er mikilvægur hlekkur í keðju þeirra fjölmörgu sem starfa að skóla- og velferðarmálum í Hafnarfirði og hann hefur lagt mikla áherslu á að þjóna upptökusvæði sínu sem best og að nemendahópurinn sé sem breiðastur. Skólinn er sagður fyrir alla, bóknámsskóli, sem gerir sitt til að styðja þá sem til hans leita. Leiðarljós hans er að hlúa að nemendum, námsmöguleikum þeirra og velferð. Í viðtölum kom fram að skólinn hefur lýðræðislega stjórnunaruppbyggingu og þess er gætt að allir hagsmunaaðilar eða fulltrúar þeirra hafi tækifæri til að koma að mikilvægum ákvörðunum.

Flensborgarskólinn hefur glímt við rekstrarerfiðleika sem illa hefur gengið að vinna bug á og á árinu 2013 var hann meðal þeirra skóla sem mestan rekstrarhalla höfðu. Skýringarnar eru sagðar kjarasamningsbundnar launahækkanir, hár meðalaldur kennara, mikil langtíma-veikindi starfsmanna, rekstur starfsbrautar, kostnaður við þróun og innleiðingu *Heilsueflandi framhaldsskóla* og hækkanir á vörum, orku og aðkeyptri þjónustu. Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um rekstrarstöðu og reiknilíkan framhaldsskóla segir að rekstrarvanda skólanna megi einkum rekja til þess að árleg framlög ríkissjóðs hafa dregist mikið saman. Á

árunum 2008–2012 rýrnuðu framlög til framhaldsskóla að meðaltali um 12,7% og sparnaðar- og hagræðingaraðgerðir hafa ekki dugað til að mæta því.⁸⁵ Til viðbótar benda skólastjórnendur Flensborgarskólans á að í reiknilíkani framhaldsskóla er miðað við þreyttar námseiningar, þ.e. einungis þeir nemendur taldir sem þreyta próf á hverju námsmisseri. Algengt sé hins vegar að nemendur sitji námsáfangi en ljúki þeim ekki. Skólinn hefur þá kostnað af nemunum sem ekki er metinn í reiknilíkaninu og er ekki bættur.

Til að vinna á rekstrarhallanum hefur skólastjórn Flensborgarskólans gripið til ýmissa aðgerða. Einna stærst og sárust var lokun námsbrautar í fjölmiðlafræði um áramótin 2013/2014 og uppsögn fjögurra kennara sem þar störfuðu. Auk þess hefur verið ákveðið að leggja af kennslu í matreiðslu og í skoðun er hvort ráðið verði í starf myndmenntakennara er fer á eftirlaun á árinu 2014. Náms hópar hafa stækkað, þeim fækkar og unnið er markvisst að minnkun brottfalls sem fjölgar þreyttum einingum. Þá hefur verið unnið að ýmiss konar rekstrarlegri hagræðingu eins og sparnaði í pappírskaupum og lækkuð rafmagnskostnaðar.

Skólanámskrá er skipulega upp byggð og tekur á flestum þeim þáttum er lög og aðalnámskrá tilgreina. Skólinn hefur skýr markmið og vel skilgreinda framtíðarsýn. Stefnuskjöl skólans eru markviss og aðgengileg. Í skólanámskrána vantar þó að skarpari grein sé gerð fyrir hvernig unnið er með grunnþætti menntunar og hvernig þeir fléttast saman við lykilhæfni og mynda burðarstoð í náms- og starfsumhverfi og skólabrag. Grunnþættirnir felast að hluta til í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli* en þarfnast markvissari útfærslu.

Kennslugreinar eru margar og með ólíkar áherslur. Kennsluaðferðir eru sagðar fjölbreyttar, þær taki mið af stefnu skólans, umhverfi og áherslum hverju sinni og hafi að markmiði að hvetja nemendur til náms og rækta eiginleika hvers og eins. Nákvæmar upplýsingar um kennsluhætti liggja hins vegar ekki fyrir og ekki virðist unnið skipulega að þróun þeirra. Námsmat virðist tiltölulega einhæft en vilji er af hálfu stjórnenda til að draga úr prófaáherslu og nýta starfstíma skólans fremur til náms og kennslu.

Sjálfsmat hefur verið unnið um árabíl og skýrslur um það liggja fyrir á heimasíðu. Nauðsynlegt er að ígrunda markvissari framsetningu niðurstaðna og mikilvægi þess að setja fram skilgreindar og umbótamiðaðar áætlanir þegar útkoma hvers árs liggur fyrir.

Skólinn hefur að markmiði að bjóða nám fyrir fjölbreyttan nemendahóp. Hann hefur traust stöðkerfi sem aðstoðar nemendur sem eiga við námslega, félagslega, geðræna eða annars konar örðugleika að etja. Samhliða reynir skólinn að hlúa að nemendum sem auðveldara eiga með nám og gefur þeim kost á að stytta námstíma sinn. Þá hefur skólinn lagt nokkurn metnað í að efla samfélagslega ábyrgð, m.a. með því að fá nemendur til að vinna sem stuðningsaðilar á starfsbraut og aðstoða samnemendur sína þar við að blandast í hóp annarra nemenda. Það hefur að sögn gefist vel.

Nemendum líður vel í skólanum. Þeir eru ánægðir með veru sína þar og segjast stoltir af því að vera Flensborgarar. Starfsmenn eru sömu skoðunar. Þeir eru almennt ánægðir í starfi, líður vel og telja góðan skólabrag ríkja. Þrátt fyrir þessa ánægju með skólann og skólabrag er skólasókn nemenda stjórnendum nokkurt áhyggjuefni og unnið er að úrbótum undir forystu mætningastjóra.

Aðkoma foreldra að skólastarfinu er fremur lítil og efla þarf foreldraráð sem samráðsvettvang um skólareglur, skólanámskrá og skipulagsbreytingar.

⁸⁵ *Rekstrarstaða og reiknilíkan framhaldsskóla*. (2014).

10.1 Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar:

- Umgengni er góð og skólinn vel þrífinn.
- Skólinn hefur skýr markmið og vel skilgreinda framtíðarsýn.
- Stefnuskjöl skólans eru markviss og aðgengileg.
- Bókasafn virðist vel búið gögnum þjóna þörfum skólans vel.
- Mötuneytisaðstaða nemenda og starfsmanna er björt og rúmgóð.
- Námsráðgjöf er vel sinnt og gott samband er við heilsugæsluna í Hafnarfirði.
- Skólanámskrá er skipulega byggð, vel skrifuð og aðgengileg hverjum sem er á heimasíðu skólans.
- Unnið er að þróun fjarnáms til að geta mætt nemendum á fjölþættari hátt.
- Skólinn reynir eftir megni að aðstoða nemendur sem eiga við félagslega, geðræna eða annars konar örðugleika að etja.
- Vel er haldið á málum starfsbrautar.
- Íþróttaafrekssvið er námskostur sem markar skólanum eftirtektarverða sérstöðu.
- Áfanginn leiðtogaþjálfun er gott nýmæli í íslensku framhaldsskólastarfi.
- Nemendafélagið starfar af krafti og vel virðist staðið að félagslífi á vegum þess.
- Kennarar eru með góða menntun og kenna flestir í sínum sérgreinum.
- Nýliðahandbók og móttaka nýliða er til fyrirmyndar.
- Skólinn hefur mótaða endurmenntunar- og starfsþróunarstefnu.
- Flensborgarskóli hefur lýðræðislega stjórnunaruppbyggingu og þess er gætt að allir hagsmunaaðilar eða fulltrúar þeirra hafi tækifæri til að koma að ákvörðunum.
- Stjórnunarstöðum og hlutverkum stjórnenda er skipulega lýst í skólanámskrá.
- Unnið er að því að ná tökum á viðvarandi hallarekstri.
- Nemendum þykir vænt um skólann sinn og eru stoltir af honum.
- Skólameistari og aðrir stjórnendur eru sýnilegir og láta sig varða samskipti við nemendur og kennara.
- Samskipti allra hlutaðeigandi aðila innan skóla eru góð og boðleiðir stuttar.
- Skólinn nýtur góðs álits og trausts í nærsamfélaginu.
- Kór skólans er burðarás í félagslífi hans og á mikinn þátt í að efla sjálfsmyndina inn á við sem út á við.
- Vel hefur tekist til með verkefnið *Heilsueflandi framhaldsskóli*. Það hefur bein áhrif á markmiðssetningu í skólanámskrá, það er samgróið daglegu skólahaldi og er hluti af staðblæ þess.
- Sjálfsmatsáætlun liggur fyrir og ákveðnir þættir í starfseminni eru kannaðir með reglubundnum hætti.
- Kerfisbundið er staðið að starfsmannasamtölum.

Veikleikar

- Vinnuaðstaða hvers kennara er þröng.
- Tölvutengingar eru víða lélegar og tækjabúnaður að hluta til úreltur.
- Hluti les-/vinnurýmis bókasafns er á óhentugum stað handan fjölfarins gangs.
- Persónuleg vandamál meðal nemenda fara vaxandi og stundum er erfitt að finna þeim nauðsynleg úrræði utan veggja skólans.
- Nákvæmar upplýsingar um kennsluhætti liggja ekki fyrir og ekki virðist unnið skipulega að þróun þeirra.
- Flensborgarskólinn er ekki fullsetinn og getur hæglega tekið á móti fleiri nemendum.
- Skólinn nýtir nærumhverfið með takmörkuðum hætti til náms og kennslu.

- Ósamræmis gætir milli kennara við skráningu fjarvista nemenda.
- Brottfall nemenda er of mikið og tilraunir til að draga úr hafa ekki skilað nægilegum árangri.
- Fjárskortur hamlar meðal annars eðlilegri endurnýjun tölvubúnaðar á starfsbraut.
- Forföll kennara eru nokkuð mikil.
- Kennarar segjast þekkja lítið eða ekki til endurmenntunar- og starfsþróunarstefnu skólans.
- Kennarar telja að verulega skorti á að þeir eigi kost á endur- og símenntun vegna fjárskorts.
- Viðvarandi hallarekstur er á skólanum.
- Niðurstöður úr sjálfsmati eru ekki settar nægilega skýrt fram.
- Þátttaka foreldra í starfi foreldraráðs er lítil.
- Upplýsingagjöf skólayfirvalda til foreldraráðs um skólareglur, skólanámskrá og skipulagsbreytingar er ónóg.

10.2 Aðgerðir

- Til þess að auka námsval nemenda er eðlilegt að stefna að nánara samstarfi við Iðnskólann í Hafnarfirði.
- Fjölga þarf nemendum svo skólinn uppfylli viðmið ráðuneytis um nemendaígildi.
- Vinna þarf bug á hallarekstri skólans samhliða endurnýjun tölvukerfis og öðrum úrbótum á starfsaðstöðu kennara.
- Efla þarf umræðu meðal kennara og nemenda um þróun fjölbreytts námsmats og tilhögun þess með það að markmiði að draga úr prófum og nýta tímann til náms og kennslu.
- Fylgja þarf eftir við kennara settu vinnulagi við skráningu mætinga.
- Efla þarf starfsnám/starfsþjálfun nemenda á starfsbraut og gera það markvissara.
- Leita þarf leiða til þess að bæta nemendum kennslustundir sem tapast sökum forfalla kennara.
- Efla þarf umræðu meðal kennara um niðurstöður sjálfsmats og fræðslu- og starfsþróunar-áætlanir skólans.
- Tilgreina þarf ábyrgðaraðila fyrir umbótamiðuðum aðgerðum að loknu sjálfsmati og meta árangurinn kerfisbundið.
- Birta þarf fundargerðir skólanefndar og foreldraráðs með skipulegum hætti.

11 Heimildir

Hér eru að öðru jöfnu aðeins taldar þær heimildir sem vitnað er beint til í meginmáli. Auk þeirra eru ýmis lög og reglugerðir, tölvupóstar og fleira ótilgreint.

Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti. (2004). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti. 2. útgáfa. (2012). Reykjavík: mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Ársskýrsla 2012. (2013). Vefslóð:

http://flensborg.is/resources/Files/879_arsskyrsla_2012.pdf.

Ársskýrsla 2013. (2014).

Vefslóð: http://flensborg.is/resources/Files/1222_140228-arsskyrsla20133.pdf.

Bókasafn Flensborgarskólans. [Án árs]. Vefslóð: <http://flensborg.is/Thjonusta/Bokasafnid/>.

Bryndís Jóna Jónsdóttir. (2013). *Starfsmannasamtöl: samantekt vor 2013. Fræðslu- og starfsþróunaráætlun 2013-2014.* Flensborgarskólinn í Hafnarfirði.

Einar Birgir Steinþórsson og Unnar Örn Þorsteinsson. (2012). *Sjálfsmatskýrsla skólaárið 2011–2012.* Vefslóð: <http://flensborg.is/Skolinn/Sjalfsmat/>.

Flensborgarfréttir. [Án árs]. Vefslóð: <http://flensborg.is/Upplýsingar/Flensborgarfrettir/>.

Flensborgarskólinn er heilsueflandi framhaldsskóli. [Án árs].

Vefslóð: <http://flensborg.is/Skolinn/Heilsueflandi%20sk%C3%B3li/>.

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði. [Án árs]. Vefslóð: <http://flensborg.is/Skolinn/>.

Foreldrahandbók Flensborgarskólans. [Án árs].

Vefslóð: <http://flensborg.is/Upplýsingar/Foreldrahandbok/>.

Forvarnir. [Án árs]. Vefslóð: <http://flensborg.is/Thjonusta/Forvarnir/>.

Framtíðarsýn Flensborgarskólans. [Án árs].

Vefslóð: <http://flensborg.is/Skolinn/Framtidarsyn/>.

Gögn frá Félagi framhaldsskólakennara, dags. 3.4.2013.

Hagstofa Íslands. Talnaefni.

Heilsustefna Flensborgarskólans. (2014).

Vefslóð: <http://flensborg.is/Skolinn/Heilsueflandi%20sk%C3%B3li/Heilsustefna/>.

Lög foreldraráðs Flensborgarskólans. [Án árs].

Vefslóð: <http://flensborg.is/Skolinn/Foreldrarad/Log/>.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Magnús Þorkelsson. (2013). Bréf til úttektaðila, dags. 20.11.

Magnús Þorkelsson. [2014]. Bréf til úttektaðila, dags. 16.5.

Markmið Flensborgarskólans. [Án árs]. Vefslóð: <http://flensborg.is/Skolinn/Markmid/>.

Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. [Án árs].

Vefslóð: http://flensborg.is/resources/Files/732_1211-mottokuaaetlun.pdf.

Mætingastjóri. [Án árs].

Vefslóð: <http://flensborg.is/Thjonusta/M%C3%A6tingarstj%C3%B3ri/>.

Mötuneyti Flensborgarskólans. (2014). Vefslóð: <http://flensborg.is/Thjonusta/Motuneyti/>.

Námsráðgjöf. [Án árs]. Vefslóð: <http://flensborg.is/Thjonusta/Namsradgjof/>.

Nýliðahandbók veturinn 2013 til 2014. (2013). Flensborgarskólinn í Hafnarfirði.

Rekstrarstaða og reiknilíkan framhaldsskóla. (2014). Reykjavík: Ríkisendurskoðun.

Saga Flensborgarskólans. [Án árs]. Vefslóð: <http://flensborg.is/Skolinn/Sagan/>.

Sjálfsmat í Flensborgarskólanum. [Án árs]. Vefslóð: <http://flensborg.is/Skolinn/Sjalfsmat/>.

Skólanámskrá: námsvísir: almennur hluti. (2013).

Vefslóð: <http://flensborg.is/Namid/Namsvisir/>.

Skólanefnd Flensborgarskólans. [Án árs].

Vefslóð: <http://flensborg.is/Skolinn/Stjornun/Skolanefnd/>.

Skólaráð. [Án árs]. Vefslóð: <http://flensborg.is/Skolinn/Stjornun/Skolarad/>.

Skólasamningur Flensborgarskólans í Hafnarfirði og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. (2013), dags. 22.2.

Starfsbraut. [Án árs]. Vefslóð: <http://flensborg.is/Namid/Starfsbraut/>.

Stofnun ársins 2013. [2013]. Vefslóð: <http://www.sfr.is/kannanir-sfr/stofnun-arsins/stofnun-arsins-2013/>.

Stofnun ársins: ítarleg greining: Flensborgarskóli. (2013). Greining Capacent Gallup, fengin frá skólameistara 26.5.2014.

Unnar Örn Þorsteinsson og Magnús Þorkelsson. (2013). *Sjálfsmat skólaárið 2012–2013*.

Vefslóð: http://flensborg.is/resources/Files/1217_sj%C3%A1lfsmat_sk%C3%B3laarid2012-2013.pdf.

Viðbragðsáætlun gegn einelti og hverskyns ofbeldi. [Án árs].

Vefslóð: <http://flensborg.is/Thjonusta/Einelti/>.

Öryggismál. [Án árs]. Vefslóð: <http://flensborg.is/Thjonusta/Oryggismal/>.

Viðtöl (hljóðrituð) við viðmælendur í Flensborgarskólanum:

- Aðstoðarskólameistari
- Áfangastjóri
- Félagslífskennarar
- Fjarnámsstjóri
- Fjármálastjóri
- Formaður foreldraráðs
- Formaður skólanefndar
- Forstöðumaður bókasafns
- Forstöðumaður mötuneytis
- Forstöðumaður starfsbrautar
- Forvarnarfulltrúi
- Mannauðsstjóri
- Mætingastjóri
- Námsráðgjafi
- Rýnihópur nemenda
- Rýnihópur kennara
- Sérkennsluráðgjafi
- Skólameistari
- Skrifstofustjóri
- Stjórn nemendafélagsins
- Sviðsstjórar
- Tölvuumsjónarmaður
- Umsjónarmaður fasteigna
- Þjónustustjóri

Fylgiskjöl

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði
Magnús Þorkelsson, skólameistari
Hringbraut 10
220 Hafnarfirði

Akureyri 8. nóvember 2013

Efni: Úttekt á starfsemi Flensborgarskólans í Hafnarfirði

Eins og fram kemur í bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 11. október 2013, hefur okkur undirrituðum verið falið að annast úttekt á Flensborgarskólanum í Hafnarfirði. Markmiðið er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá framhaldsskóla. Úttektin verður byggð á fyrirbyggjandi gögnum, viðtölum við einstaklinga og hópa, auk vettvangsathugana.

Við óskum eftir góðu samstarfi við forystumenn skólans og starfsfólk og viljum í upphafi biðja um að tekin verði saman eftirtalin gögn og send til undirritaðra fyrir 20. nóvember nk.:

- *Ársskýrsla 2012.*
- *Skólanámskrá.*
- *Gildandi skólasamningur*
- *Sjálfsmatsskýrsla 2012–2013.*
- *Upplýsingar um nemendur:*
 - *Aðsókn og innritun nemenda á vorönn 2013 og haustönn 2013.*
 - *Þróun í innritun nemenda að hausti frá 2008 (bóknám/verknám).*
 - *Hvaðan koma nemendur (innan/utan upptökusvæðis – hlutfall haust 2013)?*
 - *Fjöldi innritaðra nemenda 15. janúar 2013 og 15. september 2013, skipt eftir árgöngum og kynjum.*
 - *Skipting nemenda á námsbrautir 2008–2013 greind eftir kynjum.*
 - *Meðalstærð námshópa vor og haust 2013.*
 - *Brottfall nemenda og þróun á árunum 2008–2013.*
- *Upplýsingar um starfsfólk:*
 - *Stjórnendur, starfshlutfall og kennsluskylda, kynjaskipting.*
 - *Fjöldi kennara í föstum stöðum og starfshlutfall skipt eftir kynjum.*
 - *Fjöldi leiðbeinenda og starfshlutfall (hálf starf eða meira), skipt eftir kynjum.*
 - *Fjöldi stundakennara, kennslutímar pr. viku, skipt eftir kynjum.*
 - *Fjöldi annars starfsfólks í föstum stöðum og starfsheiti, skipt eftir kynjum.*
- *Menntun kennara:*
 - *Fjöldi kennara með BA/BS-próf auk kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með doktorspróf auk kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með háskólapróf án kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með aðra menntun.*
 - *Eru kennarar skólans menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna?*
 - *Endurmenntunarstefna. Hvernig er endurmenntun/starfsþróun kennara háttað?*
 - *Starfsaldur kennara við skólann, (<3 ár; 3–5 ár; 6–10 ár; 11–15 ár; >15 ár; fjöldi).*
 - *Upplýsingar um starfsmannaveltu við skólann sl. fimm ár.*
- *Skipurit skólans.*
- *Námstími nemenda við brautskráningu.*
- *Umfang forfallakennslu á vorönn 2013.*
- *Fjöldi kennslustunda sem nemendur urðu af vegna forfalla kennara á vorönn 2013.*
- *Upplýsingar um sérstakar áherslur sem skólinn leggur í námi og kennslu.*
- *Upplýsingar um skólaþróunarverkefni sem unnið er að á skólaárinu 2013–2014.*
- *Fyrri úttektir eða kannanir á starfsemi skólans.*

Ef einhverjar ofangreindra upplýsinga liggja fyrir á vef nægir að vísa á þær þar.

Til frekari gagnaöflunar óskum við eftir því að fá að koma í heimsókn í skólann þriðjudag og miðvikudag 26.–27. nóvember. Ef einhverjir meinbugir eru á því að taka á móti okkur þá daga biðjum við þig að láta okkur vita sem allra fyrst. Í heimsókninni vildum við eiga viðtöl við eftirtalda aðila eins og hér segir:

Þriðjudagur 26. nóvember


8:30–10:00	Skólameistari.	
10:15–11:00	Skrifstofustjóri, fjármálastjóri og mannauðsstjóri.	
11:15–12:00	Forstöðumaður bókasafns.	
13:00–13:45	Námsráðgjafar, mætingastjóri, forstöðumaður starfsbrautar, sérkennsluráðgjafi.	
14:00–14:45	Rýnihópur kennara (8 kennarar, tveir af hverju sviði; <u>tungumála</u> , <u>raungreina</u> , <u>félagsgreina</u> og <u>viðskipta- og hagfræði</u> skv. ábendingu trúnaðarmanns kennara).	
15:00–15:45	Rýnihópur annars starfsfólks (óskað er eftir þátttöku eftirtalinnna starfsmanna):	
	Umsjónarmaður fasteigna	Forstöðumaður mötuneytis
	Tölvuumsjón/heimasíða	Þjónustustjóri
16:00–16:45	Stjórn foreldrafélags	

Miðvikudagur 27. nóvember

8:15–9:00	Stjórn nemendafélags, forvarnarfulltrúi og umsjónarmenn með félagsstarfi.
9:15–10:00	Rýnihópur nemenda (átta nemendur valdir af stjórn nemendafélags).
10:15–11:00	Sjálfsmatshópur
11:15–12:15	Aðstoðarskólameistari og áfangastjóri.
13:00–13:45	Sviðsstjórar og fjarnámsstjóri
14:00–14:45	Formaður skólanefndar.

Óskað verður eftir því við trúnaðarmann kennara að leita eftir því við bóknámskennara að taka þátt í rýnihópi og gera þeim viðvart um tímasetningu viðtals. Á sama hátt verður leitað eftir því við formann nemendafélags að fá nemendur í rýnihóp. Óskað er eftir því að skólameistari leiti eftir því við aðra viðmælendur að taka þátt í samræmi við ofangreint. Tekið skal fram að ef hagfelldara er fyrir skólann að hafa aðra uppröðun á viðtölunum er ekkert því til fyrirstöðu að breyta henni í samráði við skólameistara.

Með bestu kveðju.



Heilsueflandi framhaldsskóli

Með því að innleiða hugmyndafræði Heilsueflandi framhaldsskóla er ætlunin að veita nemendum og starfsfólki tækifæri og aðstæður til að tileinka sér holla og heilbrigða lífnaðarhætti með jákvæðum skólabrag og heilsueflandi umhverfi. Heilsuefling í Flensborgarskólanum er sameiginlegt verkefni stjórnenda, starfsmanna og nemendasamfélagsins.

Markmið og leiðir

